



Skólaskýrsla

Skólaárið 2022 - 2023



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
1 Inngangur	6
2 Tölulegar upplýsingar	6
3 Fundir, fyrirlestrar og námskeið	7
4 Gjafir og styrkir	8
5 Fjölbreytt skólastarf	9
5.1 Listnám	9
5.2 Afreksíþróttalína	9
5.3 Valfög fyrir grunnskólanemendur	9
5.4 Erlent samstarf	10
5.5 Ný staða félagsráðgjafa	12
5.6 Ferðalög og heimsóknir	13
5.7 Félagslíf	15
6 Ýmsar upptækur	16
6.1 Móttaka nýnema	16
6.2 Kynningarfundur fyrir foreldra nýnema	16
6.3 Gróðursetning	16
6.4 Leikhúsferð á 9líf	17
6.5 Bingó á sal	17
6.6 Þrískólafundur	18
6.7 Stofnun ársins	18
6.8 Uppbrotsdagur	19
6.9 Mín framtíð	20
6.10 Starfshlaup	20
6.11 Opið hús - námskynning	20
6.12 Dimmisio	20
6.13 Stofnun Fab-Lab smiðju	21
7 Skýrsla námsstjóra	22
7.1 Starfið veturinn 2022-2023	22
7.1.1 Fundir á skólaárinu	22

7.1.2	Vettvangsferðir og heimsóknir	22
7.1.3	Helstu innkaup á kennslubúnaði	24
7.2	Kennsla, úttekt áfanga, símenntun og annað	25
7.2.1	Einyrkjar	25
7.2.2	Erlend tungumál	28
7.2.3	Framhaldsskólabraut - Starfsbraut.....	31
7.2.4	Húsasmíði	35
7.2.5	Íslenska	37
7.2.6	Íþróttir	40
7.2.7	Listir	43
7.2.8	Málm- og vélstjórnargreinar	45
7.2.9	Rafvirkjun.....	46
7.2.10	Raungreinar	48
7.2.11	Samfélagsgreinar	50
7.2.12	Stærðfræði.....	53
7.2.13	Tölvufræðigreinar	55
8	Skýrsla matsnefndar.....	57
8.1	Inngangur.....	57
8.2	Könnun á reynslu nýnema	57
8.3	Kennslumat.....	58
8.4	Lýðræðisfundur	59
8.5	Viðhorfskönnun meðal nemenda.....	60
8.6	Könnun á mötuneyti.....	61
8.7	Mat á lærdómssamfélagi.....	62
8.8	Ytra mat	64
8.9	Stofnun ársins.....	64
8.10	Lokaorð	65
9	Skýrsla bókasafns.....	66
9.1	Um safnið.....	66
9.2	Skólaárið 2022-2023.....	66
9.3	Aðföng og safnkostur	66
9.4	Útlán	67
10	Skýrsla námsráðgjafa	68
10.1	Inngangur.....	68

10.2 Verkaskipting námsráðgjafa	68
10.3 Viðtöl	69
10.4 Námsstuðningur	69
10.5 Fornám.....	71
10.6 Starfsbraut.....	71
10.7 Foreldrasamstarf	72
10.8 Námskeið og fagfundir	72
10.9 Fundir innan skólans.....	72
10.10 Námskynningar	73
10.11 Töflubreytingar og fleiri störf	73
11 Skýrsla forvarnafulltrúa.....	74
11.1 Störf tengd skemmtunum og viðburðum NFS.....	74
11.2 Forvarnir gegn áfengis- og vímuefnanotkun	75
11.3 Samtakahópurinn	75
11.4 Viðtalstími.....	75
11.5 Lýðheilsuráð FS.....	75
12 Skýrsla félagslífsfulltrúa.....	76
12.1 Inngangur.....	76
12.2 Skólaárið 2022-2023.....	76
13 Skýrsla félagsráðgjafa.....	79
13.1 Inngangur.....	79
13.2 Skipulag þjónustu	79
13.3 Lykiltölur	80
13.4 Samantekt.....	83

1 Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er farið yfir skólaárið 2022-2023. Tilgreindar eru tölulegar upplýsingar og meðal annars fjallað um fundi, fyrirlestra, námskeið, fjölbreytt skólastarf og ýmsar uppákomur í skólastarfinu. Í skólaskýrslunni eru einnig skýrslur námstjóra, matsnefndar, bókasafns, námsráðgjafa, félagsráðgjafa, forvarnafulltrúa og félagslífsfulltrúa.

2 Tölulegar upplýsingar

Haust 2022

Skólastarf hófst 16. ágúst þegar nýnemar voru boðaðir á nýnemadag. Tilgangurinn með deginum er fyrst og fremst að gera yngstu nemendum skólans auðveldara að takast á við nám í nýjum skóla. Hefðbundin kennsla hófst föstudaginn 19. ágúst. Nemendur sem hófu nám í dagskóla voru um 1000 en auk þess stunduðu rúmlega 100 nemendur úr 9. og 10. bekkjum grunnskóla á svæðinu nám við skólann í einstaka valáföngum. Starfsmenn skólans á önninni voru 94. Verktakafyrirtæki sá um ræstingu.

Alltaf verða einhverjar breytingar á starfsmannahópnum og um haustið bættist nokkur fjöldi starfsmanna við. Það voru þau Anna Kristjana Egilsdóttir, Bruno Birins, Davíð Ásgeirsson, Elín Rós Bjarnadóttir, Elín Helgadóttir, Helga Salbjörg Guðmundsdóttir, Hildur Guðjónsdóttir, Ingimundur Guðjónsson, Íris Lind Björnsdóttir, Jóhann Jóhannsson, Jón Garðar Viðarsson, Kristín Þóra Möller, Monika Sitarz og Sigríður Gunnarsdóttir. Auk þess voru tveir nýir stundakennarar, þeir Jón Helgason og Helgi Jónas Guðfinnsson. Fjórir kennarar voru í leyfi, þau Ester Þórhallsdóttir, Hlynur Ómar Svavarsson, Jón Gunnar Schram og Simon Cramer Larsen. Þess má geta að í mötuneyti skólans voru tveir af þremur starfsmönnum nýliðar á önninni.

Vor 2023

Skólastarf hófst 4. janúar með stundatöfluafhendingu en kennsla hófst 5. janúar. Rúmlega 900 nemendur voru í dagskóla og á þriðja tug í síðdegisnámi en auk þess stunduðu um 90 grunnskólanemendur nám í einstökum áföngum. Starfsmenn á vorönninni voru 92. Verktakafyrirtæki sá um ræstingu.

Þrír nýir starfsmenn bættust í hópinn í upphafi vorannar, Elsa Þóra Eggertsdóttir, Ljósbrá Mist Bjarnadóttir og Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir sem var í hálfu starfi sem félagsráðgjafi en það var nýtt starf við skólann.

3 Fundir, fyrirlestrar og námskeið

Haustönn 2022

Í upphafi skólaársins var haldið námskeið um mannkostamenntun fyrir starfsfólk skólans og hvernig er hægt að nýta hana í hinum ýmsu námsgreinum. Það voru þær Íris Hrönn Kristinsdóttir og Sigríður Ingadóttir frá Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri sem sáu um námskeiðið sem var haldið mánudaginn 15. ágúst. Fólk var ánægt með námskeiðið og fékk mörg verkfæri í hendurnar til að nýta í kennslu. Í mannkostamenntun er lögð áhersla á að vinna með sjálfstæða hugsun og hvernig skynsemin getur hjálpað einstaklingum að öðlast þekkingu og vísu sem nýtist þeim í lífinu. Mannkostamenntun er hægt að flétta inn í allar námsgreinar í gegnum formlegt og óformlegt nám.

Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir frá Reykjanesbæ kom og hélt erindi um fjölmenningu. Síðan var haldið erindi um lífeyrismál og kom starfsmaður frá LSR og fræddi gesti um þau mál. Í lok október var tiltektarvika og var áherslan lögð á kennslustofur. Tiltektarvikunni lauk með Hrekkjarvökupartýi. Í lok nóvember var haldinn poppfundur en þar var horft á erindi um einkunnir yfir poppi og kók og síðan var rætt um erindið í hópum.

Vorönn 2023

Fulltrúar frá Samninganefnd FF komu og kynntu stöðuna í samningamálum. Í lok apríl kynntu fulltrúar Mennta- og barnamálaráðuneytis, Barnaverndarstofu og Landlæknisembættisins innleiðingu svokallaðra farsældarlaga.

4 Gjafir og styrkir

Á hverri önn fær skólinn góðar gjafir frá velunnurum en slíkar gjafir skipta miklu máli fyrir skólann og það starf sem fer fram innan hans.

Á haustönn færði Rafmennt, fræðslusetur rafiðnaðarins, nemendum á 1. ári í rafiðnum og kennurum í deildinni vandaðar vinnubuxur að gjöf. Það voru þau Þór Pálsson framkvæmdastjóri og Hafdís Reinaldsdóttir skrifstofustjóri Rafmenntar sem afhentu gjöfina.

Á vorönn gaf Rönning rafiðnadeild skólans hleðslustöð og ljósastýringarrofa og Rafsparri gaf hleðslustöð.



Nemendur og kennarar í rafiðnum fengu vinnubuxur að gjöf frá Rafmennt.

5 Fjölbreytt skólastarf

5.1 Listnám

Í skólanum er öflug listnámsbraut. Nemendur á Listnámsbraut fóru tvisvar sinnum í Listasafn Duus á listsýningar og fengu einnig starfandi listamann í heimsókn í kennslustund. Listnámsbrautin fékk heimsókn frá Þekkingarsetri Suðurnesja vegna verkefnis, nemendur fóru síðan í heimsókn á setrið og kynntu sér það og fengu leiðsögn.

Á vorönn stóðu útskriftarnemendur á myndlistarlínu fyrir sýningu á verkum sínum í Bíósal Duushúsa í samvinnu við barna og ungmennahátíð Reykjanesbæjar. Sýningin var opnuð fimmtudaginn 27. apríl. Helga Þórsdóttir forstöðumaður Listasafns Reykjanesbæjar bauð gesti velkomna fyrir hönd safnsins og Bragi Einarsson myndlistarkennari sagði síðan frá sýningunni og kynnti nemendur og verk þeirra.

5.2 Afreksíþróttalína

Nemendur á afreksíþróttalínu stunda æfingar í sinni íþrótt samhliða námi og fá einnig fræðslu varðandi ýmislegt er viðkemur íþróttum og heilsu. Á þessu skólaári voru 32 nemendur í knattspyrnu og 16 í körfuknattleik.

Hjónin Margrét Lára Viðarsdóttir og Einar Örn Guðmundsson komu í heimsókn til afreksíþróttalínu þriðjudaginn 1. nóvember. Margrét Lára, sem er sálfræðingur og íþróttافرæðingur að mennt, fór yfir mikilvægi andlegs styrks til að takast á við streitu, erfiðleika eða mótlæti í íþróttum. Hún fór yfir nokkra þætti sem íþróttamennirnir sjálfir geta hugað að til þess að auka líkur á árangri og auka ánægju þeirra á æfingum eða í leikjum. Einar Örn er sjúkráþjálfari en hann fór yfir helstu áhættuþætti ofþjálfunar og álagsmeiðsla. Þá ræddi hann um mikilvægi samskipta milli þjálfara, leikmanna og foreldra til þess að draga úr álagi og vera vakandi fyrir viðvörunarbjöllum vegna mögulegs ofálags. Einnig fór Einar Örn yfir skaðsemi orkudrykkja og mikilvægi hvíldar, endurheimtar, sjálfsmeðferðar og svefns fyrir íþróttafólk. Fyrirlesturinn var mjög fræðandi og áhugaverður og voru nemendur mjög ánægð og fylgdust með af áhuga.

5.3 Valfög fyrir grunnskólanemendur

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur verið í fararbroddi á landsvísu hvað varðar fljótandi skólaskil þá sérstaklega á milli grunnskólastigsins annars vegar og framhaldsskólastigsins hins vegar. Valfögin standa bæði 9. og 10. bekk til boða. Þetta skólaár voru hópar í ensku, stærðfræði, textíl og hár, rafiðnum, húsasmíði og forritun. Einnig var boðið upp á spænsku og þýsku en því miður náðist ekki í hóp í þeim greinum.

5.4 Erlent samstarf

Skólinn tekur virkan þátt í erlendu samstarfi og er það alltaf að aukast. Skólinn sótti um aðild að Erasmus+ áætluninni haustið 2022 og fékk samþykka aðild bæði í almennum skólahluta (leik-, grunn- og framhaldsskólastig) og starfsmenntahluta vorið 2023. Aðild að Erasmus+ áætluninni felur í sér samkomulag milli skólans og Landsskrifstofu Erasmus+ sem tryggir skólanum fjármagn til evrópsks samstarfs árin 2023-2027. Við gerð aðildarumsóknanna var unnin áætlun um alþjóðastarf og sett fram markmið sem fela í sér ýmsan stuðning við skólaþróun innan skólans. Áætlunin veitir nemendum tækifæri til þess að taka þátt í samstarfi við nemendur víðs vegar að úr Evrópu auk möguleika á starfsnámi erlendis og gefur starfsfólki nýja möguleika í endurmenntun.

Með Erasmus+ aðildinni er staðfest að Fjölbrotaskóli Suðurnesja hefur unnið vandaða áætlun um fjölþjóðlegt samstarf og náms- og þjálfunarferðir sem hluta af stefnumörkun til framtíðar. Þeir skólar og stofnanir sem hafa staðfest aðild sína að áætluninni geta framvegis sótt um styrki til náms og þjálfunar á einfaldari hátt. Aðildin snýr eingöngu að náms- og þjálfunarverkefnum og er leið til að einfalda alþjóðastarf skóla og annarra þátttakenda. Aðildin bætir verkferla, eykur gæði verkefna og auðveldar skólanum að byggja upp samstarf og mynda traust í öðrum Evrópulöndum.

Strax í mars fóru tveir nemendur á sjúkraliðabraut til Orihuela á Spáni í vinnustaðanám. Nemendurnir fá námið metið sem hluta af því verknámi sem ætlast er til að þeir ljúki í námi sínu. Þetta er í fyrsta sinn sem skólinn sendir nemendur erlendis í vinnustaðanám. Ferðin var styrkt af Erasmus+ og var hluti af verkefninu „Út fyrir landsteinana“ sem snýr að því að efla verk- og starfsnám og kanna þau tækifæri sem felast í erlendu samstarfi á þeim vettvangi.

Skólinn hóf um leið samstarf við AFS á Íslandi sem gefur nemendum skólans kost á að sækja um að fara í skiptinám á fullum styrk frá Erasmus+. Þetta þýðir að nemendur geta farið í skiptinám án þess að leggja út í mikinn kostnað vegna dvalarinnar.

Í lok september tók skólinn á móti þremur kennurum sem hingað komu í viku heimsókn frá Frakkalandi. Kennararnir kenna mál- og véltækni og komu hingað til þess að kynna sér náms- og kennsluhætti og til þess að fræðast um íslenskt menntakerfi og menningu á Íslandi. Þau voru afar hrifin af því sem þau fengu að kynnast og höfðu sérstaklega á orði að þeim þótti nemendur skólans vinnusamir, sjálfstæðir og áhugasamir, starfsfólk vinalegt og fræðandi og skólinn vel búinn. Gestirnir heimsóttu tíma hjá fjölmörgum kennurum, funduðu með áfangastjóra og námsráðgjöfum og fengu leiðsögn um Reykjanesið.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja er þátttakandi í Erasmus+ verkefninu “Cultural Heritage in a European Context”. Markmið verkefnisins er að gera nemendum grein fyrir mikilvægi þess að bera virðingu fyrir menningu sinni og annarra og jafnframt auka víðsýni og umburðarlyndi gagnvart öðrum menningarheimum. Nemendur auka tölvufærni sína með notkun nýrra forrita, bæta tungumálafærni og fræðast um siði, menningu og markverða staði í samstarfslöndunum. Í lok september var komið að okkur að vera gestgjafar í verkefninu og komu hingað hópar nemenda frá Spáni, Finnlandi og Ungverjalandi ásamt kennurum sínum. Nemendurnir gistu hjá fjölskyldum nemendanna sem taka þátt í verkefninu.

Dagarnir voru viðburðaríkir og margt var skoðað. Meðal annars fór hópurinn á Rokksafnið, í Víkingaheima og ferðaðist um helstu náttúruperlur Reykjaness. Förlinn var einnig heitið að skoða náttúrperlur á Suðurlandi eins og Þingvelli, Gullfoss, Geysi og komið var við á orkusýningunni í Ljósafossvirkjun. Einn dagur var nýttur í að kynna höfuðborginni og þá var m.a. farið í Flyover Iceland, Perluna og komið við í hesthúsum þar sem hægt var að prófa að fara á bak. Síðasta daginn unnu nemendur rafrænt tímarit um heimsóknina. Dagskránni lauk með glæsilegu lokahófi á sal FS þar sem snæddur var ljúffengur matur og veitt voru viðurkenningarskjöl fyrir þátttöku.



Nemendur og kennarar í Erasmus+ ferð í Eger í Ungverjalandi.

Um miðjan mars héldu tveir kennarar og fimm nemendur til Eger í Ungverjalandi til að taka þátt í síðustu skólaheimsókn verkefnisins. Þar hittust nemendur frá fjórum skólum í Ungverjalandi, Íslandi, Spáni og Finnlandi. Nemendur gistu á heimilum ungverskra nemenda og var tekið vel á móti þeim öllum. Svo vildi til að flestir íslensku krakkarnir fengu að gista hjá þeim ungversku nemendum sem þau sjálf höfðu fengið í heimsókn. Krakkarnir eyddu miklum tíma saman og mynduðust góð tengsl milli nemenda frá öllum löndunum. Dagskrá vikunnar var fjölbreytt og snerist um að miðla menningu Ungverjalandis til gestanna. Nemendur okkar voru opnir og tilbúnir til að taka þátt í öllu sem fyrir þau var lagt. Þau voru skólanum okkar til mikils sóma og mynduðu tengsl sem án efa eiga eftir að fylgja þeim um ókomna tíð.

Á vorönn hófst stórt Erasmus+ verkefni sem skólinn er þátttakandi í ásamt skólum frá Króatíu, Ítalíu, Lettlandi, Tyrklandi og Portúgal. Verkefnið kallast „Media and Information Literacy: Learning to Think Critically“. Verkefnið snýr að því að efla fjölmiðla- og upplýsingalæsi nemenda og þjálfar þá í gagnrýnni hugsun. Í heimsóknunum vinna nemendur verkefni um fjölbreytt mál sem tengjast viðfangsefninu. Hver ferð stendur yfir í fimm virka daga auk ferðadaga og er ríkulegum tíma einnig varið í að kynna menningu landanna með skoðunarferðum. Í fyrstu ferðinni var förinni heitið í bæinn Gela á Sikiley dagana í febrúar. Í hópi FS voru tveir kennarar og fjórir nemendur, í maí var svo önnur ferðin til Baldones í Lettlandi en þangað fóru einnig tveir kennarar og fjórir nemendur.

5.5 Ný staða félagsráðgjafa

Um áramót hóf Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir félagsráðgjafi störf við skólann. Hún var í hálfu starfi í nýju starfi félagsráðgjafa. Starfið felst í því að vera talsmaður nemenda, standa vörð um velferð þeirra og stuðla þannig að góðri líðan. Nemendur gátu pantað viðtal hjá félagsráðgjafa eða litið við á skrifstofu hans. Í viðtölum geta nemendur rætt um það sem brennur á þeim hverju sinni, svo sem að byggja sig upp andlega og breyta neikvæðum hugsunum í jákvæðar, efla sjálfstraust og sjálfsöryggi, læra að setja sjálfum sér og öðrum mörk og öðlast vellíðan. Líðan nemenda er ávallt í brennidepli og nemendur fá aðstoð við að finna leiðir innan annarra kerfa, t.d. heilbrigðis- og/eða velferðarkerfisins, ef þess gerist þörf.

5.6 Ferðalög og heimsóknir

Þau Emmsjé Gauti og Guðný Guðmundsdóttir komu í heimsókn í skólann þann 28. september með Geðlestina. Þar er á ferðinni verkefni hjá Geðhjálp en Geðlestin fer í grunn- og framhaldsskóla um allt land. Gauti og Guðný ræddu við nemendur í lýðheilsu og fræddu þau um geðrækt og þá staðreynd að allir geta lent í mótvindi í lífinu og þurft að leita sér aðstoðar.

Nemendur af vélstjórnarbraut fóru á um miðjan október og skoðuðu M.S. Dettifoss, sem er stærsta skip íslenska flotans. Með í för voru 11 nemendur og kennararnir Ívar Valbergsson og Þorsteinn Ingi Hjálmarsson. Það voru Einar Björnsson yfirvélstjóri og Gunnlaugur Magnússon framkvæmdastjóri skipasviðs Eimskips sem tóku vel á móti hópnum og sýndu skipið. Hópurinn skoðaði auðvitað vélabúnað skipsins en aðalvél þess er hvorki meira né minna en 23.000 hestöfl og 15 metra há. Þess má geta að Dettifoss gæti framleitt rafmagn sem myndi duga fyrir megnið af íbúum á Reykjanesi. Nemendum fannst mikið til koma en tóku eftir því að skjástýrikerfið var svipað og í þrívíddarhermum sem notaðir eru í kennslunni í skólanum. Hópurinn skoðaði einnig ljósavélar, rafstöðvar, síur, hreinsibúnað og fleira. Þá fékk hópurinn að skoða brú, eldhús, messa og líkamsræktarsal þessa risastóra skips. Nemendur og kennarar voru mjög ánægðir með skemmtilega og fróðlega heimsókn enda fékk hópurinn frábærar móttökur um borð.

Nemendur á íþrótt- og lýðheilsubraut fóru í ferðalag til Reykjavíkur ásamt Andrési Þórarni Eyjólfssyni íþróttakennara. Hópurinn heimsótti Íþróttamiðstöðina í Reykjavík og kynnti sér starfsemi UMFÍ og ÍSÍ. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ, og Þórarinn Alvar Þórarinsson, sérfræðingur á sviði fræðslu- og almenningsíþróttar hjá ÍSÍ fræddu nemendur um íþróttalífið í landinu og það sem er efst á baugi varðandi lýðheilsu. Nemendur fóru síðan á Morgunblaðið þar sem Víðir Sigurðsson, umsjónarmaður íþróttadeildar, fræddi hópinn um deildina og umfjöllun um íþróttir.

Nemendur í körfuboltaáfanga skelltu sér á leik í íþróttahúsinu við Sunnubraut. Þar sá hópurinn Keflavík sigra KR í efstu deild karla og skemmtu sér allir konunglega. Þess má geta að einn nemandi í hópnum, Grétar Snær Haraldsson, er í Keflavíkurliðinu en spilaði reyndar ekki þennan leik.

Nemendur í blakáfangu fóru á blakleik í Mosfellsbæ. Þar fór fram stórskemmtilegur leikur í efstu deild karla þar sem heimamenn í Aftureldingu töpuðu 3-0 gegn Íslandsmeisturum Hamars. Það er gaman að segja frá því að í liði Aftureldingar er fyrrum nemandi skólans, Kristinn Rafn Sveinsson. Umgjörð leiksins var virkilega flott og greinilega vel staðið að málum í Mosfellsbæ. Nemendur skemmtu sér ljómandi vel á leiknum en með í för var kennari hópsins, Gunnar Magnús Jónsson. Tveir kennarar bættust reyndar í hópinn, Þorvaldur og Magnús Einþór sem eru báðir miklar blakkempur.



Nemendur í blakáfangu fóru á leik í Mosfellsbæ.

5.7 Félagslíf

Félagslíf nemenda komst á fullan skrið eftir erfiða tíma vegna Covid-19. Nemendafélagið NFS stóð fyrir nokkrum skemmtikvöldum á sal og hélt klúbbkvöld og spilakvöld. Nokkrar þemavikur voru haldnar, t.d. jólavika og Valentínusarvika. Í góðgerðarviku í mars var safnað fyrir Stuðla og söfnuðust 410 þúsund krónur. Skólablaðið Vizkustykki kom tvisvar út á skólaárinu og var mun veglegra en árin á undan.

Lið skólans tóku þátt í Gettu betur og ræðukeppninni Morfís en í Morfískeppninni komst lið FS alla leið í undanúrslit að þessu sinni. Lið skólans fór með sigur af hólmi í Framhaldsskólamóti í körfubolta sem var endurvakið eftir nokkurra ára hlé. Í febrúar var söngkeppnin Hljóðneminn endurvakin en nokkur ár voru liðin frá því keppnin var haldin síðast. Þar kepptu tólf atriði en sigurvegarinn Jón Grímsson tók þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna fyrir hönd FS. Kvikmyndagerðarklúbburinn Linsan tók þátt í Kvikmyndahátíð framhaldsskólanna með myndina „Það heyrast engin öskur í kafi“. Myndin hlaut tvenn af sex verðlaunum sem veitt voru á hátíðinni, fyrir bestu tæknilegu útfærsluna og fyrir bestu kvikmyndatökuna.

Tvö böll voru haldin á haustönn. Nýnemaball var haldið í Stapanum um miðjan september og rave þemaball var haldið í nóvember. Böllin fóru vel fram og nemendur skemmtu sér vel. Árshátíð NFS var haldin í Stapanum í lok apríl. Þar seldust um 400 miðar og fór ballið vel fram. Árshátíðarkvöldverður var að þessu sinni haldinn í matsal skólans. Skreytinganefnd skreytti matsalinn glæsilega og Bruno kokkur eldaði dýrindismáltíð.

6 Ýmsar uppákomur

6.1 Móttaka nýnema

Þann 25. ágúst var móttaka nýnema en þá voru nýnemar boðnir velkomnir í skólann. Nemendafélag skólans bauð upp á skemmtun í skólanum þar sem m.a. var farið í ratleik og boðið upp á veitingar. Vel var mætt á þetta skemmtikvöld.

6.2 Kynningarfundur fyrir foreldra nýnema

Þriðjudaginn 13. september var árlegur kynningarfundur fyrir foreldra nýnema haldinn á sal skólans. Foreldrum nýnema var boðið á fundinn þar sem skólinn var kynntur og sýnt hvernig foreldrar geta fylgst með námi barna sinna í skólakerfinu Innu. Margrét Lilja Guðmundsdóttir frá Rannsóknum og greiningu flutti fróðlegt erindi um skjátíma, svefn, neyslu orkudrykkja og nikótínþúða og ýmislegt fleira sem snertir ungmenni í dag en fyrirtækið hefur um langt árabil rannsakað hagi íslenskra ungmenna. Foreldrafélag skólans var endurvakið á fundinum og buðu fjórir öflugir foreldrar sig fram í stjórn félagsins.

6.3 Gróðursetning

Útskriftarhópar haust- og vorannar fóru í hefðbundnar gróðursetningu ásamt nokkrum kennurum. Farið var í Vatnsholt á svæði Skógræktarfélags Suðurnesja þar sem nemendur settu niður nokkrar plöntur. Það var Kristján Bjarnason frá Reykjanesbæ sem leiðbeindi hópnum og fræddi nemendur um leið um plönturnar og svæðið. Þessi hefð hefur verið við lýði í fjölda ára að útskriftarnemendur gróðursetji plöntur til minningar um veru sína í skólanum. Vonandi eiga þessar plöntur eftir að vaxa og dafna í framtíðinni.

6.4 Leikhúsfærð á 9líf

Fimmtudaginn 8. september fóru nemendur og starfsfólk FS í Borgarleikhúsið og sáu sýninguna 9líf. Sýningin fjallar um ævi og feril Bubba Morthens og um leið íslenskt þjóðfélag síðustu áratugi. Skólinn keypti alla miðana þetta kvöld og bauð nemendum og starfsfólki skólans í leikhús. Það var mögnuð stemmning á sýningunni og tók fólk virkan þátt í fjörunu. Nemendur lifðu sig inn í sýninguna en leikarar og starfsfólk Borgarleikhússins tók sérstaklega fram að sýningin hefði verið óvenjuskemmtileg vegna jákvæðra viðbragða og framkomu áhorfenda. Það má gera ráð fyrir að margir nemendur hafi þarna verið að fara á sína fyrstu fullorðinsleiksýningu. Margir nemendur af erlendum uppruna mættu í leikhúsið og nutu sýningarinnar eins og aðrir áhorfendur þó þau hafi kannski skilið mismikið af því sem fram fór.

6.5 Bingó á sal

Miðvikudaginn 5. október var boðið upp á bingó á sal. Hver nemandi fékk eitt bingóspjald og voru glæsilegir vinningar í boði. Þar var m.a. spilað um matarmiða í mötuneytinu, bíómiða og debetkort með 5.000 krónum. Síðast var spilað um allt spjaldið og þar var 10.000 króna debetkort í vinning. Þetta er í fyrsta sinn sem bingó er spilað á sal og myndaðist skemmtileg stemning og spenna í salnum og þeir sem tóku þátt skemmtu sér vel.

Meðfram bingóinu var dregið úr edrú-pottinum frá fyrsta balli vetrarins hjá NFS. Í pottinn fara allir þeir sem blása í áfengismæli á böllum og síðan eru nokkrir dregnir út eftir hvert ball. Þeir fengu að þessu sinni vinninga eins og miða á næsta ball, bíómiða, matarmiða í mötuneytinu og 5.000 króna debetkort. Aðalvinningarnir voru brunch fyrir tvo hjá The Bridge á Marriott og litun og plockun hjá Hárfaktorý og Snyrtistofu Gerðu Arndal. Þess má geta að Bílnet ehf. hefur veitt 50.000 króna styrk í edrú-pottinn og verður hann notaður til að kaupa vinninga fyrir pottinn í vetur.

6.6 Þrískólafundur

Samstarfsfundur starfsfólks framhaldsskólanna á Suðurnesjum, Vesturlandi og Suðurlandi var haldinn á Akranesi 1. febrúar. Þessir skólar hafa lengi unnið saman að ýmsum málum eins og námsframboði og skipulagi náms. Allt starfsfólk skólanna hittist síðan á tveggja til þriggja ára fresti og skiptast skólarnir á um að halda þá fundi.

Að þessu sinni var fundurinn í Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi. Steinunn Inga Óttarsdóttir skólameistari FVA bauð fólk velkomid á fundinn og á Skagann. Svali Björgvinsson flutti síðan fróðlegt erindi um hvernig starfsánægja, sterkar liðsheildir og skýr stefna skapa góðan árangur. Að því loknu skipti starfsfólk sér í hópa eftir kennslugreinum og störfum og bar saman bækur sínar.

Að loknum ljúffengum hádegisverði var komið að Jóel Sæmundssyni að flytja erindi um framtíð menntamála á Íslandi. Þegar til kom reyndist erindið hins vegar snúast um annað enda er Jóel leikari en ekki sérfræðingur í menntamálum! Eftir þetta skemmtilega framlag spjallaði fólk saman áður en haldið var heim.

6.7 Stofnun ársins

Val á Stofnun ársins 2022 var tilkynnt á hátíð Sameykis þann 16. febrúar en titlana Stofnun ársins og Stofnun ársins - borg og bær hljóta þær stofnanir sem þykja skara fram úr í könnun Sameykis meðal starfsmanna þeirra. Könnunin náði til starfsmanna í opinberri þjónustu hjá ríki, Reykjavíkurborg, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum.

Fjölbautaskóli Suðurnesja varð í 1. sæti í flokki stórra stofnana í könnuninni en skólinn varð í 3. sæti í síðustu könnun. Stærðarflokkarnir eru stofnanir með færri en 40 starfsmenn, stofnanir með 40-89 starfsmenn og stofnanir með 90 eða fleiri starfsmenn. Fimm efstu stofnanir í hverjum flokki hljóta titilinn Fyrirmyndarstofnun og fær skólinn þann titil nú í 7. sinn á síðustu níu árum. Þess má geta að framhaldsskólar urðu í efsta sæti í öllum flokkum ríkisstofnana.

6.8 Uppbrotsdagur

Þriðjudaginn 21. febrúar var skólastarfið brotið upp og boðið upp á skemmtilega dagskrá. Þema dagsins var annars vegar andleg og líkamleg heilsa og hins vegar kvikmyndamenning. Boðið var upp á hreyfingu, fyrirlestra og kvikmyndasýningar og var nóg við að vera um allan skólann.

Í hádeginu var svo matartorg á sal. Þar var hægt að gæða sér á pizzu, tacos, vefjum, mini-hamburgurum, kjúklingaspjótum, samlokum, ís, skúffuköku og vöflum með rjóma. Starfsfólk mótuneytisins vann hörðum höndum allan morguninn við að undirbúa og hafði nokkra öfluga kennara með sér. Framboðið var líka girnilegt og veitingarnar runnu ljúflega niður.

Á sal var einnig boðið upp á léttu skemmtun. Jón Grímsson og Karla Valentina Rodriguez Diaz sungu sitt hvort lagið en þau tóku bæði þátt í söngvakeppninni Hljóðnemanum. Starfshlaup ársins hófst svo formlega þegar fyrirliðar liðanna voru kynntir. Fjögur lið kepptu í hlaupinu og miðað við kynninguna töldu þau sig öll nokkuð örugg með sigur!

Lokaatriði dagsins var svo þegar Jón Jónsson steig á svið og söng nokkur vel valin lög við mikinn fögnuð viðstaddra. Eins og venjulega náði kappinn upp mikilli stemningu og hætti ekki fyrr en nemendur og starfsfólk dönsuðu í halarófu um salinn. Jón hefur áður komið fram á skemmtunum í skólanum og það er óhætt að segja að engum öðrum tekst að ná upp eins mikilli stemningu á sal. Toppmaður þar á ferð og það var vel við hæfi að hann kláraði vel heppnaðan dag og allir fóru ánægðir heim.



Jón Jónsson skemmti á sal á uppbrotsdagi á vorönn.

6.9 Mín framtíð

Sýningin Mín framtíð fór fram í Laugardalshöll 16.-18. mars. Skólinn kynnti þar námsframboð eins og aðrir framhaldsskólar en einnig var kynning á iðn- og verkgreinum. Samhliða fór fram Íslandsmót iðn- og verkgreina en þar var keppt í 22 faggreinum.

Nokkrir nemendur okkar tóku þátt í keppninni og stóðu sig frábærlega. Þrír keppendur kepptu í hársnyrtið, þær Berglind Elma Baldvinsdóttir, Bríet María Ómarsdóttir og Laufey Lind Valgeirsdóttir. Þar varð Berglind Elma efst og varð Íslandsmeistari og Laufey Lind varð í 2. sæti. Skafti Þór Einarsson keppti í rafiðnum og Sverrir Þór Freysson í húsasmíði og stóðu þeir sig með þryði. Eyþór Trausti Óskarsson og Hjörtur Máni Skúlason kepptu saman í forritun og urðu í 2. sæti. Skólinn sendi lið í vefþróun og varð þar í 2. sæti. Liðið skipuðu þau Agata Bernadeta Hirsz, Bergsveinn Ellertsson og Jakub Sienkiewicz.

6.10 Starfshlaup

Starfshlaup Fjölbrautaskóla Suðurnesja fór fram föstudaginn 31. mars. Starfshlaupið fór nú fram í 27. sinn en það hóf göngu sína árið 1994. Keppnin var æsispennandi en að lokum var það Græna liðið sem fór með sigur af hólmi. Fyrirliðar liðsins, Elías Bjarki, Sigurbergur og Svavar Örn, tóku því við Starfshlaupsbikarnum sem Kristján Ásmundsson skólameistari afhenti. Að venju fékk sigurliðið pizzuveislu að launum og að því loknu héldu nemendur og starfsfólk í langþráð páskafrí eftir skemmtilegan dag.

6.11 Opið hús - námskynning

Þriðjudaginn 25. apríl var opið hús á sal fyrir nýja nemendur og foreldra þeirra. Nemendur 10. bekkjar voru sérstaklega boðnir velkomnir. Fagstjórar voru á staðnum ásamt stjórnendum og námsráðgjöfum og kynntu skólann og námsframboð. Stjórn nemendafélagsins kynnti starfsemi félagsins og félagslífið í skólanum. Einnig var boðið upp á gönguferðir um skólann þar sem gestir gátu skoðað aðstöðuna, m.a. í verk- og starfsnámsstofum. Vel var mætt á opna húsið og gestirnir voru duglegir að spyrja og afla sér upplýsinga um það sem vakti áhuga þeirra.

6.12 Dimmisio

Í lok hverrar annar bjóða væntanlegir útskriftarnemendur til hátíðar á sal sem kölluð er Dimmisio. Þá kveður útskriftarhópurinn kennara og nemendur skólans með ýmis konar uppákomum.

Því miður var engin dimmisio á haustönn.

Dimissio vorannar fór fram föstudaginn 5. maí en þar kveðja útskriftarnemendur skólann með dagskrá á sal. Hefð er fyrir því að dimittantar klæðist búningum og var hópurinn búinn að panta glæsilega búninga frá annarri heimsálfu. Þeir bárust hins vegar ekki í tíma en hópurinn dó ekki ráðalaus og mætti í staðinn í ýmis konar íþróttabúningum. Það tókst vel og stemningin var góð eins og venjulega. Föstudaginn 12. maí mættu útskriftarnemendur vorsins á Dimissio í annað sinn. Nú voru búningarnir komnir til landsins og hópurinn gat farið í hefðbunda hópmyndatöku. Sól skein í heiði og það var við hæfi að dimittantarnir mættu einmitt eins og túristar á leið til Hawaii! Það var létt yfir hópnum enda stutt í langþráða útskrift .

6.13 Stofnun Fab-Lab smiðju

Þann 14. júní var skrifað undir samning um stofnun FabLab smiðju sem verður staðsett í skólanum. Það voru Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra sem undirrituðu samninginn ásamt bæjarstjórum sveitarfélaganna fjögurra á Suðurnesjum og forstöðumönnum þeirra mennta- og rannsóknarstofnana á Suðurnesjum sem eiga aðild að smiðjunni.

Skrifað var undir samninginn á sal skólans en þar voru m.a. þingmenn kjördæmisins og sveitarstjórnarmenn viðstaddir. Kristján Ásmundsson skólameistari bauð gesti velkomna og ráðherrarnir Áslaug Arna og Ásmundur Einar fluttu ávörp ásamt Berglinði Kristinsdóttur, framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Að lokinni undirritun samningsins þáðu gestir veitingar í boði skólans og fögnuðu áfanganum.



Skrifað undir samning um stofnun Fab-Lab smiðju.

7 Skýrsla námsstjóra

7.1 Starfið veturinn 2022-2023

7.1.1 Fundir á skólaárinu

Fundartímar voru tveir á viku þ.e. á mánudögum kl. 15:00-16:00 og á miðvikudögum frá 10:25-11:20. Flestir fundir voru hefðbundnir eins og kennara-/starfsmannafundir, samráðsfundir, fagfundir, faggreinafundir, námsfundir og örnámskeið. Sú nýbreytni var að mánaðarlega hittust kennarar í fundartíma og ræddu þróunarverkefni eftir ýmsum þeimum.

7.1.2 Vettvangsferðir og heimsóknir

Guðmundur Grétar Karlsson

- Erindi frá Söndru Dögg Georgsdóttir, lífefnafræðingi um laktósaóþol í EFNA3RA05

Elsa Þóra Eggertsdóttir

- Eysteinn Eyjólfsson kom í FRVV1FB05 og hélt fyrirlestur um skipulagsmál Reykjanesbæjar

Ásdís Björk Pálmadóttir

- Hársnyrtideild tók þátt í Íslandsmóti iðnnema á vorönn og fóru namar á mótið að fylgjast með. Tveir kennaranemar voru hjá deildinni. Ásdís fór á útskriftarsýningu Tækniskólans í hárgreiðslu.

Ásta Birna Ólafsdóttir

- Nemendur af starfsbraut/starfsnám fóru annað árið í röð í heimsókn í Selið að kenna eldri borgurum með heilabilun að nota spjaldtölvur.
- Nemendur af starfs- og framhaldsskólabraut fóru í Arena Gaming rafíþróttamiðstöð í Kópavogi.

Inga Lilja Eiríksdóttir

- Stærðfræðideildin fór í heimsókn í FG í desember og hitti þar stærðfræðikennara úr FG, Flensborg og MK.

Björgvin Jónsson, Gunnar Valdimarsson og Ásdís Björk Pálmadóttir

- Haldinn var meistaradagur í skólanum fyrir húsasmíði, rafvirkjun og hárgreiðslu í mars þar sem meistarar á svæðinu kíktu í heimsókn.

Sigríður Rós Jónatansdóttir

- Sjúkraliðar á eldra ári fóru í heimsókn á Hrafnistu – Nesvelli.
- Sjúkraliðar á yngra ári fóru í heimsókn á HSS.

Íris Jónsdóttir

- Listnámsbrautin fékk heimsókn frá Þekkingarsetri Suðurnesja vegna verkefnis. Nemendur fóru síðan í heimsókn á setrið og kynntu sér það og fengu leiðsögn.
- Nemendur á Listnámsbraut fóru tvisvar sinnum í Listasafn Duus á listsýningar og fengu einnig starfandi listamann í heimsókn í kennslustund.
- Útskriftarnemendur á Listnámsbraut tóku þátt í Menningarhátíð barna og ungmenna í Reykjanesbæ með sýningu á verkum sem þau unnu á vorönninni.

Kolbrún Marelsdóttir, Andrés Eyjólfsson, Gunnar Jónsson, Kristjana Gunnarsdóttir

- Nemendur í lýðheilsu og lífsleikni tóku þátt í forvarnardegi ungra öikumanna og svo var gengið á Þorbjörn.

Sunna Pétursdóttir, Magnús Einþór Áskelsson, Jóhann Jóhannsson, Helga Jakobsdóttir og Sigríður Gunnarsdóttir

- Nemendur á 3-4 ári á starfsbraut sem eru í starfsnámsáfangu fóru í vettvangsheimsókn í Fjölsmiðjuna og kynntust starfseminni. Þau fóru einnig í Keflavíkurkirkju og hittu prest sem sagði þeim frá starfi sínu. Til okkar í kennslustundir í FS komu meðal annars bókasafnsfræðingur, samfélagsmiðlastjarna, bókari, skólameistari, lögreglumaður, ökukennari, ljósmóðir, leikskólakennari og flugstjóri sem sögðu frá störfum sínum og svöruðu fjölbreyttum spurningum nemenda.

Hulda Egilsdóttir

- Nemendur í lokaáfangu í íslensku fengu skáld í heimsókn og jafnframt ljóðabók að gjöf. Nemendur höfðu undirbúið heimsóknina vel og sköpuðust afar góðar og gefandi samræður í hópnum.
- Nemendur á öðru ári í íslensku fóru í vettvangsferð að Gljúfrasteini á vordögum og skoðuðu safn Halldórs Laxness. Nemendur, sem lásu einmitt bók eftir Halldór í áfanganum, voru hæstánægðir með ferðina.

Davíð Ásgeirsson og Sverrir Gunnarsson

- Nemendur á 6. önn í rafvirkjun fóru í heimsókn til Isavia og fengu skoðunarferð og fræðslu um varaaflið sem er í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Eins var röntgenbúnaður og færibandakerfið skoðað ásamt mörgu öðru gagnlegu.

Gunnar Valdimarsson, Garðar Þór Garðarsson, Björgvin Jónsson, Sverrir Gunnarsson, Ásdís Björk Pálmadóttir, Gísli Ragnarsson, Rósa Guðmundsdóttir

- Nemendur kepptu fyrir hönd skólans á Íslandsmóti iðngreina sem var haldið samhliða sýningunni „Mín framtíð“ í Laugardalshöll. Keppt var í hárgreiðslu, rafvirkjun, húsasmíði, forritun og vefþróun og stóðu nemendur sig með prýði. Nemendur í hárgreiðslu sópuðu að sér verðlaunum en 1. og 3. sætið kom í þeirra hlut. Einnig hlaut skólinn 2. sætið bæði í forritun og vefforritun.

7.1.3 Helstu innkaup á kennslubúnaði

Önnur innkaup teljast til hefðbundins viðhalds.



Starfsfólk brá á leik á Hrekkjavöku.

7.2 Kennsla, úttekt áfanga, símenntun og annað

7.2.1 Einyrkjar		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Ásdís Björk Pálmadóttir, fagstjóri	HÁRG1GB02 HPEM1GB02 HLIT1GB01 HKLI1GB03 IÐNF1GB04 TXHÁ1FH05 (grunnskólaval)	HÁRG2GB02 HPEM2GB02 HLIT2GB01 HKLI2GB03 IÐNF2GB04 TXHÁ1FH05 (grunnskólaval)
Jón Garðar Viðarsson	HBFR1HH05 SÝKL2SS05	HBRF1SA03
Katrín Sigurðardóttir	FATA1SH05 FATA2SH05 HAND2HS05 TXHÁ1FH05 (grunnskóli)	FATA1SH05 FATA2SH05 HAND2HY05 TEXT2EV05 TEXT1UE03 TEXTHÁ1FH05 (grunnskólaval)
Nína María Gústavsdóttir	MATR1AM05 MATR1AM03	MATR1AM05 MATR1AM03 HEFR1BA05
Sigríður Jónatansdóttir	HJÚK1AG05 HJÚK3ÖH05 HJVG1VG05 LYFJ2LS05 SÝKL2SS05 HBFR1HH05 HJÚK3LO03 VINN3ÖH08	HJÚK2HM05 HJÚK2TV05 HJÚK3FG05 HJÚK3LO03 SASK2SS05 SJÚK2GH05 LÍOL2IL05 VINN2LS08 VINN3GH08

Hvað gekk vel á önninni?

Önnin gekk vel að mestu. Nemendur stóðu sig vel á Íslandsmóti iðnnema í hárgreiðslunni. Góðir hópar og skemmtileg önn. Jákvæðir nemendur og mikil framleiðsla í textíl.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Nemendur hefðu mátt mæta betur heilt yfir, en meirihlutinn mætti vel.

Kennslustundir alltof stuttar. Væri betra að hittast sjaldnar en í lengri lotum. Alltof mikill undirbúningur þegar kennslustundir stytust í 55 mínútur. Lítil sem enginn tími fyrir kaffi milli kennslustunda þar sem næsti nemendahópur kom áður en hinn náði að klára.

Í matreiðslu jókst undirbúningstíminn um helming við styttingu kennslustunda.

Nýjungar í kennsluháttum

Í matreiðslu var vinnutími tvöfaldur fyrir skil á verkefni. Nemendur gátu komið í tíma og fengið aðstoð við vinnu á verkefninu og voru miklu fleiri nemendur sem skiluðu á réttum tíma. Í textíl var breyting á lokaverkefni, það byrjaði fyrr á önninni og var hlutað niður og sett í framkvæmdaráætlun. Þá sáu nemendur betur hvernig gekk að klára. Í hárgreiðslu var meira um samvinnuverkefni, þá voru þrír að deila með sér greiðslu sem var skemmtilegt.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

Nýr áfangi fyrir starfsbraut í matreiðslu. Námsefni úr safni kennara. Áfanginn gekk mjög vel. Nýr áfangi í textíl fyrir erlenda nemendur sem gekk mjög vel. Aðrar áherslur í kennslufræði í textíl með rafrænt kennsluefni, áskorun að reyna að sleppa enskunni og tala íslensku. Í hárgreiðslu var meira um rafræn skil

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Lengja kennslustundirnar (allir sammála).

Hvernig var mætingin á önninni?

Almennt góð en alltaf einhverjir sem mættu illa.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Best að keyra verkefnin strax af stað í upphafi tímans vegna tímaskorts.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

Samskipti við erlenda nemendur þegar þeir eru inni í blönduðum hópi. En gekk vel þar sem erlendir nemendur voru í sér hóp. Erfitt að komast í kaffi.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ásdís Pálmadóttir

- Mannkostanámskeið - Sumarnámskeið
- Fagkennaranámskeið, greiðslur og hitajárn - Endurmenntun HÍ

Katrín Sigurðardóttir

- Mannkostanámskeið - Sumarnámskeið
- Heimili og hönnun heimilisins - Endurmenntun Tækniskólans

Nína María Gústavsdóttir

- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið
- Raddvernd og raddvandamál kennara - Nemendur með málproskaraskanir
- Vorferð list- og verkgreinakennara - skólaheimsóknir og fræðsla dagsferð
- Málþingið „Hvað eru börnin okkar að borða?“
- Fyrirlestur frá næringarfræðingi á vegum Félags heimilisfræðikennara

Sigríður Rós Jónatansdóttir

- Líknarmeðferð aldraðra



Nemendur í hársnyrtiiðn stóðu sig frábærlega á Íslandsmóti iðnnema.

7.2.2 Erlend tungumál		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Anna Kristjana Egilsdóttir	ENS2KO05 ENS2OS05 ENSK1ET05	ENS2GA05 ENSK1OS05 ENSK2OS05
Einar Trausti Óskarsson	SPÆN1TJ05 SPÆN1SO05	SPÆN1TJ05 SPÆN1SO05
Helena Guttesen	DANS1ML05 DANS2LB05	DANS1ML05 DANS2LB05 DANS2LU05
Helga Salbjörg Guðmundsdóttir	DANS1ML05 DANS2LU05 DANS2LB05	DANS1ML05 DANS2LU05 DANS2LB05
Ingibjörg Böðvarsdóttir	SPÆN1SS05 ÍSAN1BE05	SPÆN1SS05 ÍSAN1BE05
John Richard Middleton	ENSK2KO ENSK3AO	ENSK2KO ENSK3AO
Kristjana Hrönn Árnadóttir	ENSK2OS05 ENSK2GA05 ENSK3FO05 ENSK3AO05 LOKA3LV05 ENSK2KO05 (grunnskólaval)	ENSK2GA05 ENSK3AO05 ÍSAN1OF05 LOKA3LV05 ENSK2KO05 (grunnskólaval)
Ólöf Hildur Egilsdóttir, fagstjóri	ENSK2GA05 ENSK3AO05 ENSK3FS05	ENSK3AO05 ENSK3FS05 ENSK3YN05
Veska Jónsdóttir	ENSK1OS05 ENSK1ET05 ÞÝSK1ÞO05 ÞÝSK1ÞS05 ÞÝSK1ÞT05	ENSK1OS05 ÞÝSK1ÞO05 ÞÝSK1ÞS05 ÞÝSK1ÞT05

Hvað gekk vel á önninni?

Í ensku fannst kennara hann sjá augljósar framfarir hjá nemendum yfir önnina.

Ekki mikið fall í þýsku. Áhugasamir nemendur. Gott andrúmsloft í hópunum.

Námsefni í 2GA gekk sérstaklega vel. Nemendur voru áhugasamir um efnið.

Nokkrir einstaklingar sem áttu erfitt. Gekk vel að ná til þessara nemenda og halda þeim við efnið svo þeir náðu áfanganum.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Vantar úrlausnir til að ná til nemenda áður en þeir detta út úr áfanganum.

Nemendur voru mikið í því að vinna verkefni á síðustu stundu. Kennarar ætla ekki aftur að láta raunmætingu nemenda stjórna eða hafa áhrif á sleppikerfi, þ.e. að nemendur þurfi ekki að vera með ákveðna raunmætingu til að sleppa við lokapróf.

Mæting í ákveðnum hópi einstaklega erfið. Erfitt þegar nemendur mæta illa og skiptast á um að mæta. Kennari er þá stanslaust að kenna sama efni aftur og aftur.

Nýjungar í kennsluháttum

Mun meiri paravinna. Munnlegar æfingar í hópi. Nýir leikir með áherslu á munnlega færni. Nýir rammar fyrir einkunnir. WordWall æfingar og Quizziz.

Nýtt kerfi á Raangu.com. Ný hlustunar og orðaforðaverkefni í spænsku.

Nýjar æfingar og leikir til að vinna með bókmenntir.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

Enskan notaði nýja kennslubók á önninni. Gekk ágætlega. Mjög lík þeim áherslum sem kennari hefur notað áður. Staðfesting á því að kennari hafi verið á réttri leið áður en þurfti að skipta um námsefni.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Breyta kennslubók í þýsku. Æfingar á netinu. Reyna að tengja þekkingu á íslensku við þýskuna, sýna fram á hversu tengd málin eru.

Taka aftur upp sleppikerfi í grunnáföngum í ensku. Setja inn lokapróf.

Í spænsku er verið að íhuga að fella út lokapróf og hafa bara símat.

Vantar grunnþjálfunaræfingar í ÍSUNNI.

Hvernig var mætingin á önninni?

Skrýtnar mætingar í einum hópi. Nemendur virtust skiptast á að mæta. Lítil hópur, aldrei allir mættir. Ef nemendur mættu illa voru þeir ekki skráðir úr áföngunum.

Mæting er ekki sama og vinna. Nokkrir nemendur sem mæta alltaf og sitja allan tímann en vinna ekkert og skila engu, sama hversu mikið er ýtt á þá.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Leikir og keppnir virkja alltaf vel. Skemmtileg verkefni virka best. Gátlisti virkar vel til að hvetja þau.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

Mætingar nemenda og ChatGPT voru stærstu áskoranirnar.

Léleg verkefnaskil.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Anna Kristjana Egilsdóttir

- Enska 35 einingar - Háskóli Íslands

Helena Maria Guttesen

- Menntun framhaldsskólakennara (M.T) Kjörsvið: Upplýsingatækni í skólastarfi. HÍ.
- Blended Learning Practice (20 tímar) netnámskeið hjá University of Athabasca, Canada.

Helga Salbjörg Guðmundsdóttir

- Mannkostanámskeið - Sumarnámskeið
- Velferð - jákvæð sálfræði fyrir starfsfólk skóla - Endurmenntun HÍ
- Sjálfsskaða- og sjálfsvígshegðun unglinga fyrir fagfólk - Endurmenntun HÍ

Kristjana Hrönn Árnadóttir

- Working with literature, film and social and ecological justice in the ELT classroom - Endurmenntun HÍ
- NORDAND 15 Conference

Veska Andrea Jónsdóttir

- Endurmenntun um notkun Gervigreindar á vegum í Veröld - STÍL
- IDV fundir og ráðstefnur í Vín, Nairobi, Zagreb og Varsjá
- Tvær ráðstefnur með fyrirlestrum og vinnustofum í Vínarborg og Nairobi
- Námskeið í Borgarholtsskóla um leiki í tíma - Goethe Institut
- Kenndi tvö námskeið á netinu fyrir Félag þýskukennara í Burkina Faso

7.2.3 Framhaldsskólabraut - Starfsbraut		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Ásta Birna Ólafsdóttir, fagstjóri	LÍFS1BS05 LÍFS1LÆ05 LÍFS1LÆ05 NÁSS1GA05 STAR1SA05 ÖKUS1SA05	UPPE1JF05 STAR1ST05 LÍFS1JR05 LÍFS1ES05 LÍFSJR05 NÁSS1GA05 SAMS1SB05
Helga Jakobsdóttir	ÍSLE1JRO5 LÍFS1LÆ05 LÝÐH1SK02 NÁSS1FN05 SAMS1SS05 SAMFÉ1ÍL03 STAR1RS05 STAR1SA05	ÍSLE1LM04 LÍFS1JR05 LSTR1SU02 LÝÐH1BO01 LÝÐH1BO02 NÁSS1FN05 SAMS1SA01 SAMS1SB01 SAMS1SC01 SAMS1SD01 STAR1RS05 STAR1ST05
Íris Lind Björnsdóttir	ÍSLE1JR05, LÝÐH1SK02, STAR1RS05, STAR1SA05, STÆR1DL05, STÆR1SF05(XT)	ENSK1LS05 ENSK1MT05 ÍSLE1LM05 LÝÐH1BO01 LÝÐH1BO02 SAMS1SD01 STAR1ST05
Jóhann Jóhannsson	LÝÐH1SK02 STAR1SA05 STÆR1DL05	ENSK1MT04 ENSK1MT05 ÍSLE1LM05 LÍFS1JR05 LSTR1SU02 LÝÐH1BO01 LÝÐH1BO02 STAR1RS05 STAR1ST05

Magnús Einþór Áskelsson	STAR1SR05 STAR1ST05 UMSJ1NN00 LIFS1LÆ05 LÝÐH1SK02 SAMS1SA01 STRÆ1DL05 SAMFÉ1ÍL05	ENSK1MT05 LSTR1SU02 LÝÐ1BO01 NÁSS1FN05 SAMS1SA01 SAMS1SB01 SAMS1SC01 SAMS1SD01 STAR1SR05 STAR1ST05
Sigríður Gunnarsdóttir	LSTR1SU02 SAMS1SC01 STAR1SR05 STAR1ST05 STÆR1UE05	LSTR1SU02 SAMS1SC01 STAR1SR05 STAR1ST05 STÆR1UE05
Sunna Pétursdóttir	ÍSLE1JR05 LÍFS1LÆ05 SAMS1SS05 SMFÉ1L03 STAR1RS05 STAR1ST05	ENSK1MT05 ÍSLE1LM05 LSTR1SU02 SAMS1SA01 SAMS1SB01 SAMS1SC01 SAMS1SD01 STAR1RS05 STAR1ST05 LÍFS1JR04 LÝÐH1BO02
Telma Rut Eiríksdóttir	ÍSLE1LL05 ÍSLE1LM05 LÍFS1JR05 LSTR1SU02 SAMS1SA01 SAMS1SB01 SAMS1SC01 SAMS1SD01 STAR1ST05	ÍSLE1AF05 ÍSLE1JR05 SAMS1SS05 SMFÉ1ÍL03 STAR1SA05

Á skólaárinu störfuðu tveir stuðningsfulltrúar í 100% stöðu þ.e. Drífa Guðmundsdóttir og Haraldur Jónsson. Þær Elín Anna Guðmundsdóttir og Elín Helgadóttir voru í hlutastörfum og Ljósbrá Mist Bjarnadóttir bættist við í hlutastarfi eftir áramót.

Hvað gekk vel á önninni?

Hópaskipting gekk vel þrátt fyrir breidd í hópum.

Einn nemandi var færður í 1/1 kennslu eftir hádegi og gekk það mjög vel.

Íþróttir í Reykjaneshöll var góð tilbreyting sem heppnaðist vel.

Námsgögn heppnuðust vel.

Það létti á kennurum að bókasafn sá um bóksölu.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Hópar voru of stórir.

Vantaði einn kennara á framhaldsskólabraut.

Úrræði, rými og mannskap vantaði til að mæta stækkandi hópi nemenda með skólaforðun og flókinn vanda (um er að ræða nemendur sem mættu í skólann en sóttu ekki kennslustundir).

Núgildandi stökkatafla hentar mjög illa á starfsbraut því erfitt er að aðlaga stundatöflu að þörfum nemenda, t.d. með því að stytta töflu.

Nýjungar í kennsluháttum

Íþróttir í Reykjaneshöll. - Nearpod. - Blooked.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

Á starfsbraut er allt námsefni búið til á hverri önn, Oft var því auðvelt að tengja námsefni við málefni líðandi stundar og nútímann.

Jafnréttisfræðsla var kennd í fyrsta skipti og gekk vel.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Stækka hóp sem stundar nám eftir að hefðbundinni stundatöflu á starfsbraut er lokið á daginn.

Fyrir nemendur sem glíma við forðun.

Hvernig var mætingin á önninni?

Mjög góð hjá meirihluta nemenda.

Ákveðinn hópur átti í miklum vandræðum með mætingu og sökum plássleysis var erfitt að mæta hópnum.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Með því að mynda traust.

Sýna virðingu.

Mynda tengsl.

Hjálpa nemendum að sjá tilgang með áskorunum sem þau standa frammi fyrir.

Gera skólann að öruggu skjóli.

Slökunarrými getur hjálpað nemendum að líða vel og verða því tilbúnir að halda skóladeginum áfram.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

Að mæta nemendum í stórum hópum.

Skólaforðun er sífellt meira vandamál sem við viljum kynna okkur betur og finna skýrara verklag til að mæta þessum hópi.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ásta Birna Ólafsdóttir

- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið
- Netnámskeið um kennsluaðferð sem notuð er með nemendum sem sýna hegðun sem veldur áhyggjum og miðar að því að draga úr þvingun og valdbeitingu. Low Arousal Introductory Training. This course is an introduction to the Low Arousal Approach led by an experienced Studio 3 trainer.
- Evrópska alþjóðlega einhverfuráðstefnan, Autism Europe - International Congress, Kraká
- The Bilateral Seminar of the Programme Education "Challenges of Education - for the Benefit of the Young Generation" - Ráðstefna haldin í Kraká

Helga Jakobsdóttir

- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið

Íris Lind Björnsdóttir

- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið

Jóhann Jóhannsson

- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið

Sunna Pétursdóttir

- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið

Telma Rut Eiríksdóttir

- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið

Annað

Á næstu önn stefnum við á að skoða mætingarreglur og verklag í tengslum við þær.

Við viljum leggja áherslu á að nemendur á starfsbraut hafi aðgang að verknámi sem þeir óska ítrekað eftir. Hér erum við að tala um áfanga sem skipulagður er fyrir starfsbraut.

7.2.4 Húsasmíði		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Bjarki Ásgeirsson	HÚSA1KY05 TRÉS1HV08 TRÉS1HV08 TRÉS1VÁ05 TRÉS1VÁ05	GLÚT2HH08 HÚSV3HU05 LOKA3HU08 TEIK2HS05 TRÉS1VT08
Björn Sturlaugsson	EFRAE1EF05 TEIK2HS05 TEIK2HH05 TEH 303 (TEIK3HU05)	FRVV1FB05 LOKA3HU08 TEIK2HS05 TEIK2HH05 TEIK3HU05 TRST3HH05
Elsa Þóra Eggertsdóttir		FRVV1FB05 INN2HH05 INRE2HH08 TRÉS1VT08
Gunnar Baldvin Valdimarsson, fagstjóri	HÚSA3ÞÚ09 HÚSA3HU09 HÚSA1KY05	TEIK2HH05 TEIK3HU05 GLÚT2HH08 INRÉ2HH08 LOKA3HU08 ÁÆST3SA05 HÚSA1KY05
Sólveig Sveinbjörnsdóttir	GRT1FF05 GRT1FÚ05 IÐTEI1GB05	GRT1FF05 GRT1FÚ05

Hvað gekk vel á önninni?

Allt eða flest.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Ekkert.

Nýjungar í kennsluháttum

Engar stórvægilegar breytingar.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

Netbók í framkvæmdir og vinnuvernd, mjög góð reynsla.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Skoða breytingar á fagteikniáföngum.

Hvernig var mætingin á önninni?

Pokkaleg, mætti vera betri.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Virkja þá og hvetja til sjálfstæðra vinnubragða.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

Plássleysi í stofu 121.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Bjarki Ásgeirsson

- AutoCAD og AutoCAD LT - Grunnnámskeið
- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið

Gunnar Valdimarsson

- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið

Sólveig Sveinbjörnsdóttir

- Erindið Kveikja/að skapa rými fyrir hugsun hjá Guðrúnu Evu Mínerudóttur rithöfundu og Sigríði Þorgeirsdóttur - Borgarbókasafn



Nemendur í húsasmíði reisa grindina á sumarbústað sem er byggður á skólaárinu.

7.2.5 Íslenska		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Anna Kristjana Egilsdóttir		ÍSAN1BE05
Ásta Svanhvít Sindradóttir	ÍSAN3BÓ05 ÍSLE1MR05 ÍSLE2LR05 ÍSLE2MÆ05 LOKA3LV05	ÍSAN3BÓ05 ÍSAN3NB05 ÍSLE1MR05 ÍSLE2LR05 LOKA3LV05
Bryndís Garðarsdóttir	ÍSLE1MR05 ÍSLE2LR05 ÍSLE2MÆ05 ÍSAN2BS05 LOKA3LV05 UMSJ1NN00	ÍSLE1MR05 ÍSLE2LR05 ÍSLE2MÆ05 ÍSAN2BS05 ÍSAN1DT05 LOKA3LV05
Einar Trausti Óskarsson	ÍSAN1BE05	ÍSAN1NS05
Hulda Egilsdóttir, fagstjóri	ÍSLE2BR05 ÍSLE3NB05 LOKA3LV05	ÍSLE2BR05 ÍSLE3NB05 LOKA3LV05
Ingibjörg Böðvarsdóttir	ÍSAN1BE05	ÍSAN1BE05
Kristín Þóra Möller	ÍSLE1ML05 ÍSLE1FA05 ÍSAN1DT05 ÍSAN2AB05 LOKA3LV05	ÍSLE1FB05 ÍSAN1DM05 ÍSAN2AB05 ÍSAN2SB05 ÍSAN1OF05 LOKA3LV05
Lilja Dögg Friðriksdóttir	ÍSLE1FA05 ÍSLE2LR05 ÍSLE3BF05 VITA2VT05 LOKA3LV05	ÍSLE1FB05 ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 VITA2VT05 LOKA3LV05
Þorvaldur Sigurðsson	ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 LOKA3LV05	ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 LOKA3LV05

Hvað gekk vel á önninni?

Fjölbreytni í námsmati, samskipti við nemendur, halda skipulagi, nota hrós til hvatningar.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Meiri tími fyrir samráð!

Nýjungar í kennsluháttum

Meira af skapandi verkefnum... það er framtíðin!

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

Við erum alltaf að endurnýja námsefni og skipta um bókmenntir sem lesnar eru. Nýir áfangar í ÍSAN eru stöðug ögrun í efnisvali og skipulagi öllu.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Meira af skapandi verkefnum, meiri tíma fyrir samráð, meira tíma fyrir nemendur sem einstaklinga.

Hvernig var mætingin á önninni?

Mætti vera betri, versnaði eftir því sem á leið. Talsvert um utanlandsferðir og lítið úthald eftir páska hjá nemendum.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Með því að selja nemendum meira sjálfðæmi í vinnunni. Nota tónlist og kveikjur sem skapa gott andrúmsloft og vinnugleði.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

Kassahugsunin, stokkataflan, áhugaleysi nemenda, metnaðarleysi ... „verð ég að gera þetta“.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Bryndís Garðarsdóttir

- Mannkostamenntun – Sumarnámskeið
- Kennsla barna og unglunga með flóttabakgrunn

Hulda Egilsdóttir

- Ritun og málnotkun - Endurmenntun HÍ og Samtök móðurmálskennara
- Kveikjum neistann hjá nemendum

Kristín Þóra Möller

- Mannkostamenntun – Sumarnámskeið
- Námskeið í Sturlunga sögu
- Námskeið um kennslu nemenda með flóttabakgrunn

Lilja Dögg Friðriksdóttir

- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið
- Ritun og málnotkun - Endurmenntun HÍ og Samtök móðurmálskennara
- Sturlungasaga - Endurmenntun HÍ

Sigríður Gunnarsdóttir

- Fræðsla fyrir kennara um sálfélagslegan stuðning við börn á flótta

Annað

Enn eru allir íslenskukennarar á einu máli um að nýja stokktaflan auki vinnuálag. Að fara fjórum sinnum inn í hvern hóp og undirbúa fjórum sinnum, hefja og ljúka hverri kennslustund fjórum sinnum o.s.frv. útheimtir einfaldlega meiri vinnu og meiri orku. Er ekki líklegt til að stuðla að vinnugleði hjá nemendum eða kennurum.



Íslenskukennarar á Þrískólafundi á Akranesi.

7.2.6 Íþróttir		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Andrés Eyjólfsson	ÍPRF2SS05 ÍPRG2KÖ04 ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1GA01 ÍPRÓ1HB01 LÝÐH1HF05 LÝÐH1HF05	ÍPRF3LH05 ÍPRG2FI04 ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1GA01 ÍPRÓ1HB01 ÍPRÓ1HR01 LÝÐH1HF05
Elín Rós Bjarnadóttir		ÍPRÓ1JH01
Gunnar Magnús Jónsson, fagstjóri	ÍPRF2PJ05 ÍPRG2BL04 KNAT1AA05 KNAT2AA05 KARF1AA05 KARF2AA05 ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1HR01 ÍPRÓ1GA01 LÝÐH1HF05	ÍPRF2SÁ05 KNAT1AA05 KNAT2AA05 KARF1AA05 KARF2AA05 ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1HB01 ÍPRÓ1HR01 ÍPRÓ1GA01 LÝÐH1HF05
Jóhann Jóhannsson	ÍPRÓH1B01 ÍPRÓ1HR01	
Kristjana Hildur Gunnarsdóttir	ÍPRÓ1AL01 NÆRI2NN05 LÍOL2SS05 LÍOL2IL05 LÝÐH1HF05 ÍPRF3NÆ05	ÍPRÓ1AL01 NÆRI2NN05 LÍOL2SS05 LÍOL2IL05 LÝÐH1HF05 ÍPRÓ1GA01

Hvað gekk vel á önninni?

Íþróttir: Gerðum átak varðandi símanotkun nemenda í íþróttatímum. Nemendur voru farnir að vera óhóflega mikið með síma í tímum og var tekið hart á að taka ekki síma með sér í íþróttasal/þreksal. Einnig var tekið harðar á að vera í íþróttafatnaði í tímum. Báðir áherslupættir gengu vel, sérstaklega framan af önninni.

Lýðheilsa: Keyrðum hluta af námsefni/verkefnum í mannkostamenntun í annað sinn og fundum betri farveg varðandi námsefnið. Gönguferð á Þorbjörn gekk vel og voru nemendur jákvæðir þrátt fyrir þoku, rok og rigningu.

Sú breyting að hver kennari er með sinn hóp virkaði MJÖG VEL, erum mjög ánægð með það fyrirkomulag.

Aðrir áfangar: LÍOL2IL05 var kenndur í annað sinn, kennari fann mun meira öryggi í kennslunni og gekk áfanginn mjög vel.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Íþróttir: Mæting hefði mátt vera betri.

Afreks: Stokkataflan hentaði MJÖG ILLA fyrir afreks. Tímarnir mjög knappir fyrir nemendur í Reykjaneshöll sem skapaði ákveðna óreiðu.

Nýjungar í kennsluháttum

Lýðheilsa: Nýjungar á skólaárinu voru tengdar Mannkostamenntun, námsefnið þar var þróað á vorönn.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

Lýðheilsa: Námsefni Mannkostamenntunar sem var keyrt á haust og vorönn. Eitthvað reyndist vel og mun vera nýtt áfram og annað ekki notað aftur.

Íþróttir: Nýr áfangi, hreyfing/bóklegt, var keyrður í gegn. Erum að þróa þann áfanga. Kom á óvart hve fáir nemendur voru í hópunum.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Íþróttir: Taka dansáfangann inn aftur og hafa þá tvo hópa saman með tveimur kennurum.

Afreks: Auka kröfur á mætingu nemenda.

Aðrir áfangar: Finna leiðir til að auka virkni og innri áhuga hjá nemendum.

Hvernig var mætingin á önninni?

Íþróttir: Því miður eru alltaf hópar þar sem við sjáum aldrei einhverja nemendur, þau mæta einfaldlega ekki. Fall í íþróttááföngum má því rekja að öllu leyti til lélegrar mætingar. Í sumum hópum er því fallprósenta mjög há.

Afreks: Mæting í afreks hefur aldrei verið jafn döpur, hópurinn óvenju slakur, hverju sem því er um að kenna? Mjög sorglegt að nemendur sem telja sig afreksíþróttafólk falli í áfanga vegna lélegrar mætingar.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Verkefnavinna besta leiðin til þess og gamli mátinn að láta nemendur skrifa á blað virðist skila bestu virkninni.

Gefa sér tíma til að kynnst einstaklingnum, finna hvar áhugasvið hans liggur, hvar eru styrkleikar nemenda?

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

Afreks: Stokkataflan hentaði mjög illa og var það stór áskorun að halda utan um nemendahópinn vegna tímaleysis. Tímarnir of stuttir og lítill tími á milli kennslustunda fyrir nemendur og kennara að koma sér í næsta tíma eða mæta á réttum tíma í afreks.

Aðrir áfangar: Að ná til nemenda sem hafa neikvætt viðhorf í byrjun annar. Oftast nemendur sem láta lítið sjá sig.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Kristjana Hildur Gunnarsdóttir

- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið
- Soft Skills for Strong Teachers
- Hættu að væla, farðu að kæla

Gunnar Magnús Jónsson

- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið

Andrés Þórarinn Eyjólfsson

- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið
- Fjallaskíðun

7.2.7 Listir		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Bragi Einarsson	MYNL3LM05 MYNL3MÁ05 TEIK1TE05 UPPL2TU05	MYNL3LO10 TEIK1TE05 UPPL2TU05
Íris Jónsdóttir, fagstjóri	MYNL2AT05 MYNL2TA05 SJÓNL1TF05 SJÓNL1LF05 UMSJ1NN00	MYNL2FF05 MYNL2MA MYNL3PR05 MYNL3TB05 TEIK2FH05 UMSJ1NN00
Sólveig Sveinbjörnsdóttir	LISA1HN05	LISA2RA05 LISA3ÍS05 TEIK1UE03

Hvað gekk vel á önninni?

Kennsla almennt gekk vel, eitthvað um brottfall í öllum áföngum, nemendur hættu að mæta eftir páska, (UPPL) mæting góð í grunnteikningu. Útskriftasýning nemenda gekk vel að vanda.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Hefði mátt vera meira svigrúm í kennsluháttum í listasögu. Til þess að hafa fjölbreytt verkefni sem krefjast meira en eins tíma í að vinna með og meira frelsi að vinna í. Verður þetta vinna fyrir framtíðina. Þarf að taka verulega á símanotkun nemenda í tímum, sem er orðið áþreifanlegt vandamál. Banna símanotkun alfarið fyrstu vikunnar til að nemendur fari að vinna meira sjálfstætt í verkefnum.

Nýjungar í kennsluháttum

Slepti öllum könnunum og tímaprófum í UPPL, niðurstaða varð minna stress á nemendum en hækking meðaleinkunnar jókst ekki mikið en lækkaði ekki.

Búið var að ræða um samstarf við Listasafn Reykjanesbæjar vegna nemenda í Listasögu í íslenska hlutanum, að vinna með þeim verkefni um þá íslenska listamenn, sem þar eru að sýna. En þessi áfangi hefur oftast verið utan skóla. Skiptir máli að tengja nemendur við listheiminn í sinni heimabyggð.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

TEIK1U – Þessi áfangi er gerður fyrir erlenda nemendur sem höfðu ekki góðan grunn í íslensku né ensku. Lítil tími til undirbúnings. Átti að byggja hann á TEIK1TU og í fyrsta lagi of margir nemendur settir inn. Tungumálaörðugleikar miklir og mikill menningarmunur. Ættu ekki að vera fleiri en 12 nemendur í þessum hópi (túlkabjónusta æskileg). Verkefnavinna gekk vel í áfanganum enda er myndlist góður vettvangur og alþjóðlegt tungumál. Félagslegi þátturinn ekki góður, blönduðust ekki saman. Þarf að hugsa kennslu og skipulag upp á nýtt.

Tískuteikning kennd í annað skipti og gekk vel. Hugmynd að kenna hann samhliða textíláfanga.

Annað hefðbundið.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Sjá ofantalið. Einnig að vinna verkefni nokkrar vikur fram í tímann í INNU fyrir nemendur í Listasögu.

Hvernig var mætingin á önninni?

Mætti vera miklu betri. Datt niður eftir páska. Eins og áður hefur komið fram þá var brotthvarf og fall of mikið í Listasögu og MYNL2FF og 2MA.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Með samtali. Einstaklingsmiðuð verkefni fundin fyrir nemendur sem voru ekki nógu virk.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

Símanotkun hjá nemendum og dræm mæting.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Bragi Einarsson

- Námskeið akrílmálun - Tækniskólinn
- Námskeið á Írlandi í myndlist

Íris Jónsdóttir

- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið

Sólveig Sveinbjörnsdóttir

- Leirmótun rennsla - Myndlistaskólanum í Kópavogi
- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið

7.2.8 Málm- og vélstjórnargreinar

Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Ívar Valbergsson, fagstjóri	VÉLS1VA04 VÉLS3VB04(DV) VÉLF2VB04	VÉLS2VA04 VÉLS2VB04 VÉLS3VB04(DV)
Þorsteinn I. Hjálmarsson	SMÍÐ1VA04 MLSU1VA03 HÖSK2VA04 STIL3VB05 LAGN3VB04	MALM1MA05 MLSU2VB03 SMÍÐ1VB04 SMÍÐ2VB04 UMHV2SA04 VÉLV3VA04 VÖRS1VB04
Þórarinn Ægir Guðmundsson	IÐTE1VB04 MALM1MA05 RAMV2VA04 SJÓR2SA04 SUÐA1SS05 VÉLF2VB04	IÐTE2VB04 IÐTE2VB04 RAMV1VA05 RAMV2VA04 SUÐA1SS05

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ívar Valbergsson

- Sálsgæslunám 40 einingar á meistarastigi - Endurmenntun HÍ



Kennarar keppa í kappáti í Starfshlaupi.

7.2.9 Rafvirkjun		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Björgvin Jónsson	RAFG1KY05 RAFL1GA03 RAFL2GC03 RAFL2GC03 RAFL3RE04 RAST2RB05 RAST2RB05 STÝR1GA05	LYST3RB05 RAFG1KY05 RAFL1GB03 RAFL3GD03 RAFL3GD03 RAFL3RE04 STÝR2GB05
Davíð Ásgeirsson	RAFL1GA03 RAFM2GC05 RAFM3RE05 RATM2GA05 RRVV2RA03 TNTÆ1GA03 TNTÆ3GC05 VGRT1GA03	RAM2GB05 RAFM3RF05 RATM2GB05 STYR3RD05 TNTÆ2GB05 VGRT2GB03
Garðar Þór Garðarsson, fagstjóri	FRLA3RA05 RAFM1GA05 REIT2VB04 STÝR3GC05 FRLA3RB05 (utanskóla)	FRLA3RB05 STÝR3GC05 STÝR3RD05 RRVV2RB03 FRLA3RA05 (síðdegisskóli)
Hlynur Heimisson	RAFM1GA05 RAFM2GC05 RRVV2RA03 TNTÆ1GA05 TNTÆ3GC05 VGRT1GA03 VGRT2GC04 VSME2GR05	RAFM2GB05 RAFM3GD05 RRVV2RA03 TNTÆ2GB05 VGRT2GB03 VSME2GR05
Sverrir Gunnarsson	RAFG1KY05 RAFM3RE05 RATM2GA05 RLTK3RB05 STÝR1GA05 VGRT2GC04	RAFG1KY05 RAFL1GB03 RAMV2VB04(DV) RATM2GB05 STÝR2GB05 STÝR3GC05

Hvað gekk vel á önninni?

Almennt vel gekk að kenna og koma efninu frá okkur.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Nemendur mættu mæta betur. Ekki taka inn nemendur sem vantar undanfara. Nemendur hefðu mátt vera virkari og læra betur.

Nýjungar í kennsluháttum

Smarttöflur notaðar meira enda til staðar í fleiri stofum.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

Uppfærðar kennslubækur á rafbok.is.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Vantar fleiri verknámsstofur. Þarf að breyta stofu 106 í verknámsstofu og fá meiri sérhæfingu út úr hverri verknámsstofu.

Hvernig var mætingin á önninni?

Almennt séð má mæting vera betri.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Stytta verkefni til að fá nemendur til að byrja. Þar sem þolgæði nemenda er mjög lítið.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

Stærð stofa og of margir nemendur í hóp.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Björgvin Jónsson

- AutoCAD og AutoCAD LT grunnnámskeið

Garðar Þór Garðarsson

- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið

Sverrir Gunnarsson

- Kennslufræði - Háskóli Íslands

7.2.10 Raungreinar		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Guðmundur Grétar Karlsson	EFNA2LM05 EFNA2GE05 EFNALR05	EFNA2LM05 EFNA3RA05
Hafþór Óskarsson	EÐLI2AF05 EÐLI3RS05	EÐLI2AF05 EÐLI3VS05
Harpa Kristín Einarsdóttir	LÍFF3LÍ05 LÍFF2ML05 JARÐ2AJ05	JARÐ2AJ05 LÍFF3LÍ05 LÍFF2ML05 RÉVÍ2KR05
Haukur Viðar Ægisson	LÍFF2LE05 UMHV1FR05 UMHV1NU05	LÍFF2LE05 LÍFF2ML05 LÍFF3ER05
Helena Maria Guttesen	UMHV1FR05 UMHV1NU05	
Ingimundur Guðjónsson	UMHV1FR05 UMHV1NU05	UMHV1FR05 UMHV1NU05

Hvað gekk vel á önninni?

Betra að nota ekki miða í prófum? Voru ekki að nýta sér miðana rétt.

Hafa dæmatíma í hverri viku í eðlisfræði gekk vel.

Nemendur gáfu sér einkunn í líffræði – Sjálfsmat – Kennari gaf áður athugasemd. Virtust gefa sér rétt mat.

Umræður um verkefnaskil og girðingar.

Girðingar á námsmati- Getur nemandi fallið á miðri önn?

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Of mikið efni í fyrsta áfanga í eðlisfræði – bitnar á verklegu.

Erfitt að fá nemendur til að skila þegar þarf að skipta í hópa í verklegu t.d. í Réttarvísindum.

Nýjungar í kennsluháttum

Þurfti að fá 4,5 í öllum verkefnum til að ná í líffræði.

Þurfti að skila 80% verkefnum og með einkunnina 5.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

Ekkert þessa önn en eitthvað er í farvatninu í eðlisfræði.

Hvernig var mætingin á önninni?

Ekkert óvanalegt varðandi mætingu. Samfelld mæting í alla tíma - Ný stokkatafla.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Það að hafa mismunandi val, tengja við fréttir, verklegt og lokaverkefni í áfanga.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

Áhugaleysi, nemendur vilja gera sem minnst. Innri áhugahvöt vantaði.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Guðmundur Grétar Karlsson

- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið
- Stjórnun og forysta - Háskóli Íslands
- Stofnanakenningar - Háskóli Íslands

Hafþór Óskarsson

- Mannkostamenntun – Sumarnámskeið

Harpa Kristín Einarsdóttir

- Mannkostamenntun – Sumarnámskeið
- Námskeið um gerð aðildarumsóknar í Erasmus+
- Kveikjum neistann hjá nemendum

7.2.11 Samfélagsgreinar		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Anna Rún Jóhannsdóttir	SÁLF2HS05 SÁLF3PS05 UPPE2AU05 UPPE3MU05	SÁLF3SM05 SÁLF3PS05 UPPE2AU05 LOKA3LV05
Atli Þorsteinsson	SAGA2HI05 FÉLV1IN05 FÉLV1FR05 HEIM2IN05 LOKA3LV05	SAGA2HI05 FÉLV1IN05 FÉLV1FR05 HEIM2IN05 LOKALV05
Auður Svansdóttir	SÁLF2HS05 SÁLF3JS05 SÁLF3LÍ05 KYNJ2KJ05	SÁLF2HS05 SÁLF3JS05 KYNJ2KJ05
Bogi Ragnarsson	FÉLA2ES05 FÉLA3AB05 FÉLA3HE05 FÉLA3KS05 LOKA3LV05 SIÐF2SÁ05	FÉLA2ES05 FÉLA3AH05 FÉLA3HE05 FÉLA3ML05 LOKA3LV05
Guðbjörg Jónatansdóttir	SAGA3KM05 VITA2VT05 FÉLV1FR05	SAGA3SS05 VITA2VT05 FÉLV1FR05
Ingimundur Guðjónsson	VIFR3FK05	VIFR2MF05 HAGF2RH05
Kolbrún Marelsdóttir	LÍFS1ES05 LÝÐH1HF05	LÝÐH1FA05 LÝÐH1HF05 VITA1VF04
Þjóðbjörg Gunnarsdóttir	VIFR2FF05	BÓKF2BF05

Hvað gekk vel á önninni?

Í sálfræði gekk allt nokkuð smurt, mæting var misjöfn milli hópa. Vorönn var skemmtilegri þar sem nemendur eru virkari og hægt að vinna vel með útskriftanemum.

Viðskiptagreinar gengu ágætlega.

Í félagsfræði gekk nokkuð vel að halda áætlun, nýr áfangi gekk heilt á séð vel.

Í sögu gekk vel með nýjan áfangann, gaman að kenna nýtt efni.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Hefði verið gaman að prófa eitthvað nýtt, breyta stofuskipulaginu.

Ókostur að taka við áfanga hjá öðrum og mikilvægt að skoða það.

Við myndum vilja sjá að skólinn beitti sér fyrir því að t.d. nemendur gætu keypt tölvur á tilboði hjá ákveðnum fyrirtækjum, allir með tölvur.

Nýjungar í kennsluháttum

Í ákveðnum áföngum var nýjung í því að hver nemandi vann á sínum hraða, notaði einstaklingsmiðað nám (kennari notaði Peardeck).

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

Hvernig getum við nýtt gervigreindina með nemendum? Getum við sem samfélagsfræðikennarar horft til þess að kenna nemendum að nota allar upplýsingar?

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Hittast oftast og ræða tilraunir í okkar fögum og framþróun okkar greina.

Hvernig var mætingin á önninni?

Upp og ofan, dalaði eftir páskafrí.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Frétt dagsins sem hvatti til umræðu og nemendur hófu þá strax vinnu .

Misjafnt hvernig best var að virkja nemendur milli hópa.

Leyfa nemendum að gera verkefni við hæfi.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

Ná að halda nemendum við efnið, símarnir eru áskorun.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Anna Rún Jóhannsdóttir

- Sumarnámskeið Samtaka sálfræði- og uppeldisfræðikennara

Atli Þorsteinsson

- KAHOOT 1, 2, og 3

Guðbjörg Jónatansdóttir

- Rússland og Úkraína og nágrenni í nútíð og fortíð
- Forsetar Bandaríkjanna, þeir bestu og þeir verstu

Kolbrún Mareldóttir

- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið
- Menntaflétta: Kynbundið ofbeldi, forvarnir og fræðsla (þetta námskeið var allan veturinn 6 lotur, 3 klst. hver lota)
- Kvíði og erfið hegðun nemenda í framhaldsskólum, hvað er til ráða?
- Raddvernd og raddvandamál kennara - Nemendur með málproskaraskanir
- Ígrundun og þróun eigin kennsluhátta



Nemendafélagið bauð upp á vöflur með rjóma í upphafi vorannar.

7.2.12 Stærðfræði		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Elín Rós Bjarnadóttir	STÆR3AF05 STÆR3DF05 STÆR3HI05 STÆR4GS05	STÆR1PA05 STÆR1PB05 STÆR1AR05 STÆR2AR05 ÍPRÓ1JH01
Gunnlaugur Sigurðsson	STÆR2AH05 STÆR2VH05 STÆR3DF05 STÆR3FT05	STÆR3AF05 STÆR3DF05 STÆR3HI05 STÆR4GS05
Hildur Guðjónsdóttir	STÆR1AR05 STÆR2AR05 STÆR2TL05	STÆR2AR05 STÆR2TL05
Inga Lilja Eiríksdóttir, fagstjóri	STÆR2AH05 STÆR2TL05 STÆR3HI05 STÆR1UE02	STÆR2AH05 STÆR2VH05 STÆR2TL05 STÆR3DF05
Ingimundur Guðjónsson	STÆR2AR05	
Margrét Alda Sigurvinsdóttir	STÆR1FA05 STÆR1PA05 STÆR1AR05 LOKA3LV03	STÆR1FB05 STÆR1PA05 STÆR1AR05 STÆR2AR05 LOKA3LV05
Þjóðbjörg Gunnarsdóttir	STÆR1FA05 STÆR1UE05 STÆR3ÁT05	STÆR1FB05 STÆR3ÁT05

Hvað gekk vel á önninni?

Samstarfið í stærðfræðinni gekk vel, samskipti við nemendur einnig.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Að fá nemendur til þess að mæta betur og sýna metnað.

Nýjungar í kennsluháttum

Nei því miður ekki þetta árið.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

Ný kennslubók í STÆR2AR05, gengur fínt en hún tekur ekki alveg á öllu efni sem við viljum svo við erum einnig með ljósrit.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Við værum til í að gera smá „stöðumat“ í STÆR1PA05 því þar raðast stundum nemendur sem gætu verið í STÆR1AR05 og við erum þá að seinka þeim.

Hvernig var mætingin á önninni?

Léleg, með því lélegra sem hefur verið.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Hafa skýran ramma svo þau viti hvað á að gera í tímanum.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

Miklar áskoranir með mætingu nemenda sem var mjög léleg og skortur á virkni nemenda. Nemendur ekki námsgögn, eru ekki með bækurnar, ritföng eða vasareikni.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Hildur Guðjónsdóttir

- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið
- Utís-online

Inga Lilja Eiríksdóttir

- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið

Margrét Sigurvinsdóttir

- Jákvæð sálfræði fyrir kennara og starfsfólk skóla
- Make Math Moments Matter. Online Workshop

Þjóðbjörg Gunnarsdóttir

- Raddvernd og raddvandamál kennara - Nemendur með málproskaraskanir
- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið
- Soft Skills for Strong Teachers
- Hættu að væla, farðu að kæla

Annað

Kennarar vilja fá að kenna sömu áfanga aftur þannig að það sé ekki of mikil breyting. Þá er hægt að laga það sem þarf að laga fyrir næstu önn og kennarinn getur aðeins þróað áfangann. Best væri að vita að vori hvaða áfanga kennari kennir um haustið.

7.2.13 Tölvufræðigreinar		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Gísli Ragnarsson	FORR2PH05 FORR3RR05 VEFH2HÖ05 VFOR2FE05 FORR2PH05 (grunnskólaval) VFOR3LO05 (utanskóla)	FORR2GD05 FORR2LE05 FORR3PH05 VFOR2GR05 VFOR3BE05 FORR2PH05 (grunnskólaval) FORR2LE05 (utanskóla) VFOR3LO05 (utanskóla)
Guðmann Kristþórsson	UPPL1FA05	
Guðmundur Grétar Karlsson	UPPT1UE02	
Hafþór Óskarsson	TÖTÆ1GR05 FORR2RO05 LINU2GR05	TÖTÆ2FR05 GAGN1GR05 RÖKR3VB04
Hjörtur Guðbjartsson	UPPL1FA05	UPPT1UE02
Rósa Guðmundsdóttir, fagstjóri	TÖTÆ1GR05 UPPT1UE02 VITA2VT05 WIND1ES05	VITA2VT05 WIND2UP05

Hvað gekk vel á önninni?

Almennt gekk vel að kenna og koma efninu frá okkur.

Hvað hefði betur mátt fara á önninni?

Nemendur mættu mæta betur. Ekki taka inn nemendur sem vantar undanfara í áfanga því það er ávísun á fall. Nemendur hefðu mátt vera virkari og læra betur.

Nýjungar í kennsluháttum

Nýr hugbúnaður nýttur í tölvuáföngum. Smarttöflur eru svo til alfarið notaðar enda til staðar í fleiri kennslustofum.

Nýjar kennslubækur – ný kennslugögn – nýir áfangar. Hver er reynslan?

Nýtt námsefni tekið upp í áfanganum WIND2UP05. Notast við rafrænt námsefni frá Microsoft Learn, MS-900, AC-900 og SC-900 sem miðar að því að kenna á Cloud þjónustur og Azure. Verklegar æfingar og labs keyrt frá Microsoft í gegnum Skillable. Námsefnið lofar góðu og munum við þróa notkun á þessu námsefni betur næsta vetur.

Nýr búnaður – Free @ home, og tilheyrandi hugbúnaður fyrir það í FRLA.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

Vantar hugbúnað á tölvurnar eins og var í öllum tölvustofum til að fylgjast með nemendum á skjá kennarans t.d. LanSchool eða sambærilegan búnað.

Vantar læstan prófatökubúnað eins og Inspera, LockDownBrowser eða Dugga.com sem nýtist öllum kennurum sem vilja leyfa nemendum að taka rafræn próf og vera í takt við tímann. Þetta er framtíðin og notast við í öllum æðri menntastofnunum sem og mörgum framhaldsskólum.

Fá sleða fyrir Promethean skjáina svo hægt sé að hækka og lækka sem og renna til hliðar.

Stofa 201 og 131 verði sérhæfðar fyrir tölvubrautir í kennslu og vélbúnaður í þeim stofum taki mið af hvaða fög er verið að kenna þar (t.d. diskastærðir í tölvum þurfa að vera nógu stórir til að hýsa gögn sem nemendur eru að vinna með).

Fá Admin réttindi fyrir tölvukennara svo þeir þurfi ekki að bíða eftir tæknimanni til að lagfæra og setja upp forrit, ef eitthvað kemur upp í miðri kennslu.

Hvernig var mætingin á önninni?

Almennt séð má mæting vera betri en var þó þokkaleg í mörgum áföngum, betri hjá nýnemum en eldri nemendum.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

Ef einhver gulrót hékk á spýttunni var alla jafna víst að nemendur spýttu í lófana og unnu samviskusamlega en ekki alltaf af áhuga!

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar á önninni?

Stærð stofa, of litlir harðir diskar og of margir nemendur í hóp.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Rósa Guðmundsdóttir

- Mannkostamenntun - Sumarnámskeið
- Stofnanakenningar - Háskóli Íslands

8 Skýrsla matsnefndar

8.1 Inngangur

Á skólaárinu skipuðu þrír kennarar matsnefnd FS. Það voru þeir Guðmundur Grétar Karlsson, Haukur Ægisson og Garðar Garðarsson ásamt Guðlaugu Pálsdóttur aðstoðarskólameistara. Nefndin hittist reglulega yfir skólaárið og var unnið samkvæmt sjálfsmatsshring sem er endurskoðaður árlega. Sumir þessir þættir eru skoðaðir á hverri önn en aðrir á nokkurra anna fresti. Sjálfsmatsshringurinn er aðgengilegur á [vef skólans](#).

Helstu verkefni Matsnefndar á haustönn 2022

1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum u.þ.b. fjórtán kennara var metin.
2. Könnun á móttöku nýrra nemenda.
3. Lýðræðisfundur.
4. Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum og eignastaða tekin út.

Helstu verkefni Matsnefndar á vorönn 2023


1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum u.þ.b. fjórtán kennara var metin.
2. Mat á lærdómssamfélagi.
3. Könnun á mötuneyti.
4. Viðhorfskönnun meðal nemenda
5. Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum og eignastaða tekin út.

8.2 Könnun á reynslu nýnema

Gerð var könnun á reynslu nýnema á haustönn 2022. Spurt var hvort þau þekktu helstu stoðþjónustupætti og hvernig þeim fannst tekið á móti þeim. Kom í ljós að stór meirihluti nemenda hafði nýtt sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa og vissu að þau gætu pantað sér tíma hjá þeim á vef skólans. Þau vissu mörg að þau hefðu aðgang að Office-pakkanum í gegnum vef skólans. Einnig kom fram að langflestir nemendur nýta sér vefinn að einhverju eða miklu leyti til að finna upplýsingar. Að lokum kom fram að flestum nemendum fannst nýnemadagurinn nýttast sér vel eða mjög vel.

8.3 Kennslumat

Reglulegt kennslumat var lagt fyrir á haustönn 2022 og vorönn 2023. Kennslumatið var lagt fyrir rafrænt í gegnum INNU og að þessu sinni var matið lagt fyrir alla hópa 13 kennara á vorönn og haustönn. Þeir kennarar fóru síðan í starfsmannaviðtöl þar sem niðurstöður kennslumats voru lagðar til grundvallar. Niðurstöður kennslumatsins voru yfir þeim viðmiðum sem skólinn hefur sett sér í stefnumiðaðri áætlun 2022-2024 en þó var matið undir viðmiðum í fullyrðingunni *Mér líður vel í þessum áfanga* á haustönn 2022. Var svarhlutfall 75% á haustönn og 80% á vorönn. Var kennslumatinu fylgt markvisst eftir á meðan á því stóð og fóru fulltrúar úr matsnefnd inn í stofur til nemenda til að fylgja matinu eftir í hverjum áfanga. Helstu niðurstöður má sjá í töflu 1.

 Könnun á kennslu og kennsluháttum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja V2022 og H2023		V2023	H2022	Viðmið
<i>Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga með því að merkja í viðeigandi reiti</i>				
1	Ég sinni náminu vel í þessum áfanga	4,22	4,03	
2	Kennarinn er stundvís	4,18	4,33	
3	Ég tel að kennarinn undirbúi kennslustundir vel	4,11	4,33	
4	Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim á jákvæðan hátt	4,39	4,18	
5	Kennarinn fylgir náms- og kennsluáætlun og lætur mig vita ef hún breytist	4,23	4,22	
6	Ég er sátt/ur við framkomu kennarans	4,34	4,13	
7	Í þessum áfanga er góður vinnuandi	4,33	3,93	
8	Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína og vinnu í þessum áfanga	4,13	3,93	
9	Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gagnrýnninn hátt	4,24	3,91	
10	Próf og/eða verkefni áfangans eru í samræmi við áherslur í yfirferð	4,14	4,15	
11	Mér finnast útskýringar kennarans góðar	4,24	4,04	
12	Kennarinn hefur samráð við nemendur um fyrirkomulag, t.d. prófa og verkefna	4,23	4,12	
13	Kennarinn hvetur mig áfram í náminu	4,2	3,92	3,8
14	Kennarinn hrósar mér fyrir það sem ég geri vel	4,22	3,91	3,8
15	Kennarinn beitir fjölbreyttum kennsluaðferðum	3,98	3,78	
16	Kennarinn nýtir kennslustundir vel til kennslu	4,17	4,27	
17	Mér líður vel í þessum áfanga	4,32	4,03	4,25
Meðaltal allra spurninga		4,22	4,07	

Spurningalisti kennslumats og meðaltal úr mati nemenda.

8.4 Lýðræðisfundur

Á haustönn var haldinn lýðræðisfundur með nemendum. Tilgangurinn var að leita eftir skoðunum og hugmyndum nemenda um skólann. Umræðuefnin voru félagslífið, námið og skólinn.

Í umræðu um félagslíf var rætt um að hafa fleiri viðburði en böll og nýta fundartímamann á miðvikudögum fyrir nemendur. Einnig var rætt um að bæta aðgengi fyrir hópa til að hittast og nýta betur skólastofur, betri aðstöðu fyrir starfsemi fyrir nemendafélagið. Þá var rætt að það væri gaman að fá fleiri tæki inn í Miðgarð, ekki bara stóla og grjónapunga.

Varðandi námið þá töluðu nemendur um að það væri gott að hafa meira uppbrot í tímum. Nemendum fannst ekki gott að ástundun væri hluti af einkunn í áfanga. Nemendur fannst mætingakerfið of strangt og vildu meiri sveigjanleika. Nemendur vildu einnig fá að skoða verkefni og fá að vita hvað hægt væri að gera betur og fá meiri endurgjöf. Þau vildu tengja námið meira við raunveruleikann og að nemendur á sömu brautum væru meira saman í tímum til að búa til smá kjarna. Hafa t.d. bekkir saman á fyrsta ári.


Í sambandi við skólann voru nemendur ánægðir með mótuneytið og þjónustuna á bókasafninu. Það var nefnt einnig að nemendur Holtaskóla (grunnskóli við hlið skólans) séu að banka á glugga í lessal sem er truflandi fyrir þá nemendur sem eru að læra.



Hugmyndavinna nemenda á lýðræðisfundum.


8.5 Viðhorfskönnun meðal nemenda

Í lok mars var gerð viðhorfskönnun meðal nemenda um ýmsa þætti sem tengjast skólastarfinu. Svöruðu 430 nemendur könnuninni. Dæmi um spurningar voru t.d. hvort nemendur væru ánægðir með að vera í FS, hvernig félagslífið væri og hvernig þeim fannst uppbrotsdagurinn takast. Almennt er mikil ánægja með félagslífið í skólanum og hvernig tókst til með uppbrotsdagurinn. Nemendur eru mjög ánægðir að vera í FS og félagslíf er gott eða mjög gott að mati flestra. Sjá mynd 2.




Svör við könnun um félagslífið í skólanum.

Aðspurð hvernig hvort nemendur væru að vinna með skóla þá eru 57% þeirra (429) sem segjast vinna með skóla. Á mynd 3 má sjá hve mörgum tímum nemendur sem vinna með skóla vörðu til vinnu í vikunni fyrir könnunina.



Hve mörgum klukkustundum nemendur sem stunduðu vinnu eyddu í vinnu í vikunni fyrir könnun.

Að lokum var spurt um hve mörgum tímum nemendur eyddu í heimanám í síðustu viku og eru langflestir sem eyða 0 - 5 klst. í heimanám í þeirri viku. Sjá mynd 3.



Hve mörgum klukkustundum nemandi varði í heimavinnu í vikunni fyrir könnun.

8.6 Könnun á mötuneyti

Í lok febrúar og byrjun mars 2023 var gerð könnun um mötuneyti skólans meðal nemenda og starfsfólks. Almennt voru nemendur ánægðir með gæði matarins og þjónustuna. Það sem helst mætti skoða er aðstaðan í matsal og nefndu nemendur meðal annars þrengsli og hávaða. Í könnun starfsmanna var einnig almenn ánægja með gæði matarins, þjónustu sem og úrval í mötuneyti. Einnig var boðið upp á opin textasvör. Í svörum nemenda vildu þau helst fá gosdrykki og orkudrykki í mötuneytið en það samræmist ekki markmiðum Heilsueflandi framhaldskóla sem skólinn tekur þátt í. Hjá starfsmönnum var hrósað fyrir góðan mat og góða þjónustu. Einnig var nefnt að stundum sé svolítið þröngt þegar margir eru.

Voru niðurstöður kynntar fyrir starfsfólki og rætt var við starfsfólk mötuneytis um niðurstöðurnar. Í framhaldinu var unnið frekar úr niðurstöðum könnunarinnar.

8.7 Mat á lærdómssamfélagi

Tveir starfsmenn skólans tóku út stöðu lærdómssamfélagsins á vordögum. Var það hluti af lokaverkefni í námskeiðinu Stofnanakenningar í Háskóla Íslands. Þar voru teknir út eftirfarandi þættir í lærdómssamfélagi skólans:

- Styðjandi aðstæður og innra skipulag
- Sameiginleg gildi og sýn
- Dreifð og styðjandi forysta
- Sameiginlegt nám og starfsþróun
- Miðlun eigin starfsreynslu til samstarfsfólks

Eftirfarandi fullyrðingar voru sendar á kennarahópinn og var hægt að gefa einkunn frá einn til fimm. Hér eru niðurstöðurnar.

Flokkur	Fullyrðing	Einkunn
Styðjandi aðstæður og innra skipulag	Kennarar hafa aðgang að sameiginlegu rými fyrir faglega umræðu um kennsluhætti	3,88
	Sérstakur tími er ætlaður til samvinnu	4,36
	Skipulag vinnuaðstöðu auðveldar starfsfólki að eiga samstarf	3,6
	Upplýsingakerfi skólans styður við miðlun upplýsinga á milli starfsfólks	4,15
	Gögn er varða skólastarfið eru skipulega sett fram og aðgengileg starfsfólki	4,15

Flokkur	Fullyrðing	Einkunn
Sameiginleg gildi og sýn	Samstarf starfsfólks einkennist af ígrundun, samræðu og samvinnu. Samstarfið styður við sameiginleg gildi starfsfólks	4,28
	Sameiginleg gildi liggja til grundvallar viðmiðum skólana um kennslu og nám,	4,34
	Ákvarðanir eru teknar í samræmi við gildi og sýn skólans	4,34

Flokkur	Fullyrðing	Einkunn
Dreifð og styðjandi forysta	Starfsfólk tekur virkan þátt í umræðum og ákvarðanatöku um flest þau málefni er varða skólann	3,9
	Skólameistari leitar álits annarra við ákvarðanatöku	3,94
	Ákvarðanataka á sér stað eftir samtal í starfsmannahópnum	3,82
	Starfsfólk nýtir fjölbreytt gögn til ákvarðanatöku er varðar nám og kennslu	4,03
	Í skólanum ríkir traust og virðing sem auðveldar starfsfólki að taka áhættu og prófa nýjungar	4,5
	Starfsfólk hefur tækifæri til að gera breytingar	4,45
	Lögð er áhersla á að styðja við og hvetja til þess að starfsfólk taki forystu	4,03

Flokkur	Fullyrðing	Einkunn
Sameiginlegt nám og starfsþróun	Starfsfólk vinnur saman að því að auka við þekkingu sína, hæfni og leikni.	4,21
	Í skólanum er lögð áhersla á að skapa skilyrði til sameiginlegrar faglegrar starfsþróunar og gefið svigrúm gefið til umræðna og skoðanaskipta	4,3
	Fagleg starfsþróun beinist að námi og kennslu nemenda.	4,39

Margt jákvætt kom út úr þessari könnun hvað varðar lærdómssamfélagið. Niðurstöðurnar voru kynntar á stjórnendafundi og verður reynt að styðja við og styrkja lærdómssamfélag skólans enn frekar.

8.8 Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólanum á haustönn 2022. Vann matsnefnd rýnihópavinnu fyrir matsaðila á meðan á matinu stóð. Í matinu er sjónum beint að fimm þáttum; stjórnun og skipulagi, kennslu og námsframboði, samskiptum og líðan, húsnæði og húsbúnaði og lykilárangri skólastarfsins og mat lagt á þessa þætti. Við vinnslu sjálfsmatsskýrslunnar var ákveðið að mynda þrjá hópa. Hóparnir fóru yfir viðmið og leiðbeiningar vegna ytra mats á framhaldsskólum og lögðu mat á þá þætti sem þar eru taldir til. Um var að ræða tvo sex manna hópa kennara/starfsmanna af hinum ýmsu sviðum; bóknámskennara, verknámskennara, starfsmanna af starfsbraut, námsráðgjafa og bókasafnsfræðing. Að auki var einn hópur skipaður stjórnendum. Niðurstöður hópanna voru svo teknar saman og settar fram sem mat skólans á þessum þáttum. Hér má sjá niðurstöður ytri úttektarinnar:

<https://www.fss.is/static/files/pdf/skyrslur/annad/uttekt2022.pdf>

Gerð verður sérstök umbótaáætlun til að bregðast við niðurstöðum úttektarinnar.

8.9 Stofnun ársins

Stofnun ársins er könnun á vegum Fjármála- og efnahagsráðuneytis í samstarfi við Sameyki. Fjölbrautaskóli Suðurnesja varð í 1. sæti í flokki stórra stofnanna í könnun Sameykis á stofnun ársins. Skólinn fékk því titilinn stofnun ársins 2022. Heildareinkunnin var 4,46 og var svarhlutfall var 70-79% en hún var 4,25 fyrir árið á undan og hefur hækkað um 0,21 á milli ára. Þeir þrír þættir sem skora hæst eru ánægja og stolt, jafnrétti og starfsandi. Þeir þættir sem skoruðu lægst eru launakjör, sveigjanleiki vinnu og ímynd stofnunnar.

8.10 Lokaorð

Eins og sjá má af lestri þessarar skýrslu er margt jákvætt í skólstarfinu og sóknarfærin mörg. Það gildir jafnt um að bæta þar sem úrbóta er þörf og halda áfram því sem gengur vel og gera jafnvel enn betur. Þau atriði eru sett fram í umbótaáætlun skólans. Matsnefnd mun halda áfram að fylgja eftir markvissu mati á innra starfi skólans og fylgja umbótum vel eftir.

Guðmundur Grétar Karlsson tók saman.



Frá afhendingu verðlauna vegna stofnunar ársins í febrúar 2023.

9 Skýrsla bókasafns

9.1 Um safnið

Bókasafnið er staðsett á 1. hæð í nýjasta hluta skólahússins. Safnið er þar í 250 m² húsnæði. Þar er lessalur, tvö hópvinnuherbergi, geymsla inn af afgreiðslu og önnur stærri geymsla. Í lessal eru 24 básar, í hópvinnuherbergjum eru sæti fyrir 20-25 manns auk borða í almenna hluta safnsins. Notendur hafa aðgang að fjórum tölvum og þá býr safnið yfir 40 fartölvum sem eru lánaðar í kennslustundir. Einnig eru vasareiknar og heyrnartól lánuð í kennslustundir. Fyrir framan safnið er prentari og ljósritunarvél. Safnkostur safnsins er skráður í landskerfi bókasafna, Gegni. Starfsmenn bókasafnsins eru tveir, Guðmann Kristþórsson bókasafnsfræðingur og Guðrún Einarsdóttir bókavörður.

9.2 Skólaárið 2022-2023

Opnunartími bókasafnsins er mánudaga-fimmtudaga kl. 8:00-16:00 og föstudaga kl. 8:00-14:00. Alls er safnið því opið 38 tíma í viku. Starfsemi safnsins var með hefðbundnu sniði á skólaárinu.

Safnið tók þátt í samstarfi bókasafna í framhaldsskólum en Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum hefur starfað í um 30 ár. Haldnir eru 3-4 fundir á ári en auk þess heldur hópurinn úti tölvupóstlista.

9.3 Aðföng og safnkostur

	Aðföng 2022-2023	Safnkostur		Aðföng 2022-2023
Bækur	64	16.767	Keypt	63
Myndefni	6	1.142	Aðsent	10
Hljóðefni	0	247	Gjafir	0
Hljóðbækur	0	69	Kennslubækur	1
Annað	3	14		
Afskrifað: 1				
Samtals	73	18.239		

Aðföng - efnisflokkar

000 Almennt efni	0	500 Raunvísindi	7
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	2	600 Tækni, vísindi, framleiðsla	4
200 Trúarbrögð	0	700 Listir, skemmtanir, íþróttir	7
300 Samfélagsfræðigreinar	7	800 Bókmenntir	30
400 Tungumál	1	900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur	15

Tímaritaáskriftir: 24

Auk þess berast safninu nokkur ókeypis tímarit auk fréttá- og dreifibréfa.

9.4 Útlán

Heimlán: 301

Millisafnalán: 3

Lán innan safns/skóla: 14.642 (haustönn 6.282, vorönn 8.360)

Guðmann Kristþórsson forstöðumaður bókasafns tók saman.



Græna liðið sigraði í Starfshlaupinu á vorönn 2023.

10 Skýrsla námsráðgjafa

10.1 Inngangur

Á skólaárinu voru þrjú námsráðgjafar starfandi við skólann. Guðrún Jóna Magnúsdóttir var í 100% stöðu, Sunna Gunnarsdóttir var í 86,25% stöðu og Sesselja Bogadóttir í 83,75% stöðu.

10.2 Verkaskipting námsráðgjafa

Guðrún Jóna hefur haldið utan um greiningar og sá um að uppfæra aðstoðarlistann og koma upplýsingum áfram til kennara varðandi nemendur með dyslexíugreiningar í upphafi beggja anna. Guðrún Jóna á sæti í áfallateymi skólans.

Sunna hafði umsjón með fornámshópum á báðum önnum og tók viðtöl við tilvonandi fornámsnemendur og foreldra þeirra í lok vorannar og byrjun haustannar. Hún hefur haft umsjón með sérúrræðum fyrir lokapróf á báðum önnum. Sunna var tengiliður Heilsueflandi framhaldsskóla. Eins sá hún um Canva auglýsingar og sinnti Instagram fyrir skólann. Sunna situr einnig í eineltisteymi skólans.

Sesselja hélt utan um skipulagningu Nýnemadagsins sem haldinn var í upphafi haustannar 2022. Hún var tengiliður Flugsins sem er samstarfsverkefni FS og Sandgerðisbæjar á skólaárinu. Sesselja situr einnig í eineltisteymi skólans.

Námsráðgjafar sáu um kynningar í 10. bekkjum grunnskóla á Suðurnesjum. Nemendur komu í FS og fengu kynningu á skólanum. Boðið var upp á hressingu sem mæltist vel fyrir. Námsráðgjafar hafa haft umsjón með nemendum með lestrarerfiðleika. Námsráðgjafar tóku viðtöl við nemendur á önninni sem virtust vera að slaka á í mætingum og námi og fylgdust námsráðgjafar sérstaklega með nemendum á framhaldsskólabrautum. Í lok annar höfðu námsráðgjafar samband við þá nemendur sem ekki gekk nógu vel í náminu.

Á haustönn 2022 fengu námsráðgjafar hver sinn hóp af nemendum sem voru á framhaldsskólabraut. Þessir nemendur voru í áfanganum Nemandinn og skólinn eða NEMO og voru námsráðgjafar umsjónarkennarar þessara nemenda. Áfanginn var kenndur tvisvar sinnum í viku og gaf nemendum eina einingu hvora önn.

Farið var í ýmis hagnýt atriði í áfanganum eins og kynningu á skólakerfinu, félagsráðgjafa skólans, námstækni, prófkvíða, sjálfsstyrkingu, samfélagsmiðla og fleira sem tengist námi og líðan nemenda. Á vorönn 2023 var sama fyrirkomulag og hver námsráðgjafi með sinn umsjónarhóp í NEMO.

Námsráðgjafar aðstoða nemendur varðandi námsval, áhugasviðsgreiningar og töflubreytingar. Námsráðgjafar sáu um að leiðbeina nemendum í námstækni og prófkviða. Námstækni- og prófkviðanámskeið eru orðin einstaklingsmiðaðri og því voru ekki sérstök námskeið auglýst heldur komu nemendur til námsráðgjafa í einstaklingsviðtöl.

Námsráðgjafar sinntu almennum viðtöl, bæði tengd námi og líðan. Námsráðgjafarnir hafa aðstoðað skólaráð og haft samband við nemendur þegar þörf er á. Einnig hafa námsráðgjafar aðstoðað stjórnendur við ýmis verkefni. Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi því ýmis tilfallandi störf koma upp sem þarf að sinna og er reynt að gera það eftir bestu getu.

10.3 Viðtöl

Nemendur geta bókað viðtöl á heimasíðu skólans, á skrifstofu skólans og eiga auk þess greiðan aðgang að námsráðgjöfum þegar þeir eru lausir. Þeir sem bóka viðtöl eru oftast nemendur í dagskóla. Talsvert er um að fólk sem er að velta fyrir sér að hefja nám við skólann leiti til námsráðgjafa. Grunnskólanemendur og foreldrar þeirra leita oft til námsráðgjafa á vorin sem og foreldrar nemenda okkar. Það er enn þannig að mikill meirihluti þeirra sem koma til námsráðgjafa eiga ekki bókað viðtal.

Námsráðgjafar sinna oft ráðgjöf og svara fyrirspurnum í síma og einnig með tölvupósti. Nemendur sem hafa stundað nám í skólanum leita til námsráðgjafa meðal annars varðandi val á fjarnámsáföngum í öðrum skólum.

Segja má að langflestir sem koma til námsráðgjafa séu að velta fyrir sér námi og störfum. Mjög margir koma til að fá aðstoð við gerð námsáætlunar. Nokkuð stór hópur kemur vegna stuðnings og er þá ýmist um að ræða stuðning varðandi námið s.s. námstækni, aðgengi að Hljóðbókasafninu, persónulegra mála eða prófkviða svo eitthvað sé nefnt.

Nokkur hópur hefur leitað til námsráðgjafa til að fá að taka áhugasviðskönnun. Í vetur, eins og undanfarin ár, hefur verið notast við áhugasviðskönnunina **Í leit að starfi** en hún byggir á kenningum Holland eins og flestar áhugasviðsgreiningar sem eru í notkun. Áhugasviðsgreiningin er stöðluð miðað við íslenskar aðstæður af Námsmatsstofnun og er miðað við að nemendur hafi náð 18 ára aldri til að útkoman sé marktæk.

10.4 Námsstuðningur

Nemendur sem hafa fengið lestrargreiningu eða annars konar greiningu úr grunnskóla eru hvattir til að skila þeim gögnum til námsráðgjafa strax við upphaf skólagöngu hér. Námsráðgjafar setja inn í athugasemdadálkinn í Innu upplýsingar um nemendur sem hafa ýmiskonar greiningar að höfðu samráði við nemendur, ásamt því að koma öllum greiningum í GoPro ásamt skjalastjóra. Allar upplýsingar er varða nemendur á að varðveita í GoPro.

Námsráðgjafar hafa einnig sent póst á alla kennara nemenda með greiningar eins og dyslexíu og aðra námsörðugleika ef nemendur óska eftir því. Einnig er sendur póstur á kennara með leyfi nemenda varðandi sérstök mál. Þetta er gert í upphafi hvernar annar og einnig þegar sérstök atvik koma upp.

Námsráðgjafar sjá um að útbúa vottorð fyrir nemendur sem sækja um aðgang að Hljóðbókasafni. Ef grunur um dyslexíu kemur upp og nemandi hefur ekki þegar farið í greiningu reyna námsráðgjafar að meta hvort ástæða sé til greiningar. Nemendum sem óskað hafa eftir greiningu hefur þurft að vísa til einkaaðila sem er frekar dýr kostur og því mikilvægt að þessi mál séu skoðuð vel í grunnskóla.

Á haustönn 2022 voru 159 greiningar vegna lesblindu og 99 greiningar vegna ADHD og ADD. Á vorönn 2023 voru 130 greiningar vegna lesblindu og 92 greiningar vegna ADHD og ADD. Auk þessara greininga hafa námsráðgjafar upplýsingar um þó nokkurn hóp nemenda sem eiga við einhvers konar námserfiðleika að etja sem tengjast lestri en hafa ekki skilað inn greiningu.



Nemendur og starfsfólk fjölmenntu á leiksýninguna 9líf í Borgarleikhúsinu.

Nokkrir nemendur hafa greiningu um sértæka námsörðugleika, aðra en lestrarerfiðleika, en þeir fá ekki sérstakan stuðning við sitt hæfi nema á starfsbraut og í fornámi. Reynt er að koma til móts við þá sem þess óska með einstaklingsmiðuðum úrræðum.

Námsráðgjafar koma upplýsingum á framfæri við kennara varðandi nemendur sem hafa greiningar og annað eftir því sem við á og að höfðu samráði við nemendur.

Námsráðgjafar hafa boðið upp á fræðslu og stuðning varðandi námstækni og skipulag í námi. Þó nokkrir hafa nýtt sér þetta en þessi fræðsla hefur farið fram í einstaklingsviðtölum eða í litlum hóp. Námsráðgjafar hafa einnig veitt nemendum stuðning sem átt hafa við prófkvíðavanda að etja. Nemendur með sértæka námserfiðleika s.s. dyslexíu hafa kost á því að fá prófin lesin upp á MP3-spilara, fá stækkað letur, taka próf á tölvu og fá próf á lituðum pappír svo eitthvað sé nefnt. Margir nemendur hafa nýtt sér þessa þjónustu og virðist þetta gefa góða raun. Allir nemendur hafa kost á því að sitja 30 mínútum lengur í prófum. Nemendum gefst einnig kostur á að taka kaflapróf í einrúmi með námsráðgjafa vegna sérstakra aðstæðna ef þess er óskað og hafa þó nokkrir nemendur nýtt sér það.

Fjöldi nemenda sem vill taka próf í einrúmi fer stöðugt vaxandi og er fundin sérstofa fyrir þessa nemendur en þeir eru þó saman í stofu. Námsráðgjafar halda utan um þessar umsóknir en nemendur þurfa að sækja um þessa þjónustu fyrir hvert próftímabil.

Á haustönn 2022 voru 14 nemendur sem sóttu um sérúrræði í lokaprófum og á vorönn 2023 voru þeir 10. Fækkun umsókna um sérúrræði á vorönn má eflaust rekja til breytinga í námsmati.

10.5 Fornám

Nemendur sem sækja um í fornámi koma í viðtal ásamt forráðamanni til námsráðgjafa. Þessi viðtöl eru í júní strax að lokinni innritun. Í viðtalinu er fyrirkomulag náms í fornámi kynnt. Rætt er um fyrra námsgengi og fyrirhugað nám, áhugasvið og framtíðarvæntingar.

Haustið 2022 byrjuðu 29 nemendur í fornámi. Námsráðgjafi fundar reglulega með kennurum í fornámi þar sem gengi nemenda er rætt. Námsráðgjafi aðstoðar alla nemendur í fornámi við að velja bæði um jól og að vori. Þegar upp koma erfiðleikar varðandi einstaka nemendur í fornámsdeild þá er námsráðgjafi kennurum innan handar í viðtölum við foreldra og nemendur.

10.6 Starfsbraut

Námsráðgjafar eru í góðu samstarfi við kennara á starfsbraut og funda námsráðgjafar með foreldrum og fagfólki utan skólans er varðar nemendur á starfsbraut ef þess er þörf.

10.7 Foreldrasamstarf

Nokkuð er um að foreldrar 10. bekkinga hringi og leiti upplýsinga varðandi val barna þeirra. Foreldrar grunnskólanemenda sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja hafa einnig haft samband til að forvitnast um það sem stendur börnum þeirra til boða í skólanum.

Mikið og öflugt foreldrasamstarf hefur jafnan verið við foreldra/forráðamenn nemenda í fornámi og tekur námsráðgjafi þátt í því eftir þörfum.

10.8 Námskeið og fagfundir

Námsráðgjafar sóttu málþing í Háskóla Íslands í október sem bar yfirskriftina „Betri tenging skólastiga – betra skólakerfi“. Sunna fór á umræðufund SÍF, mennta- og barnamálaráðuneytisins, skólameistara og nemenda um aðgerðir gegn kynferðisofbeldi. Í nóvember fóru námsráðgjafar á nokkra fundi og kynningar. Þeir fengu kynningu frá Reykjanesbæ um Farsæld barna og fóru í heimsókn til HR og fengu kynningu á lðn- og tæknifræðideildinni þar. Þeir fóru svo á Virkniþing hjá Velferðarneti Suðurnesja og á málþing Menntaskólans á Ásbrú í Keili um rafræn samskipti þar sem lögreglan var með erindið „Fótspor inn í framtíðina – hvað geri ég og hvað skil ég eftir“. Auk þess fóru þeir á farsældarnámskeið í nóvember. Sunna og Sesselja fóru á námskeið hjá Barnaheill sem kallast „Verndarar barna“. Guðrún Jóna fór á fund um kennslu barna með flóttabakgrunn í HÍ.

Í febrúar fóru Guðrún Jóna og Sesselja á kynningu frá Hinu húsinu á námskeiði sem þau halda um einmanaleika og vanlíðan ungmenna á framhaldsskólastigi. Sesselja og Sunna fóru í heimsókn til MSS og fengu kynningu á þeirra starfi þar. Í mars fóru námsráðgjafar á netfund með yfirskriftinni „Þjóðfundur um framtíð skólajónustu“. Sesselja og Sunna fóru á ráðstefnu Stígamóta sem kallaðist „Kynbundið ofbeldi og ábyrgð skólans“. Guðrún Jóna fór á fund í Tækniskólanum er varðar málefni nemenda með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Í apríl tóku námsráðgjafar þátt í Farsældarskólanum. Í júní tóku námsráðgjafar þátt í netnámskeiði um kynferðislegt ofbeldi og áreiti og viðbrögð við því frá Barna- og fjölskyldustofu.

10.9 Fundir innan skólans

Námsráðgjafar sóttu fundi og námskeið sem í boði voru innan skólans. Auk þess tóku þeir á móti nokkrum kennurum frá Frakklandi og héldu fund með þeim.

10.10 Námskynningar

Á skólaárinu hafa útskriftarnemar á báðum önnum fengið kynningar frá öllum stærstu háskólum landsins. Námsráðgjafar tóku þátt í Starfsgreinakynningu á Suðurnesjum í október. Í mars var „Mín framtíð“ haldið í Laugardalshöll og þar tóku námsráðgjafar þátt í að kynna skólann. Í apríl var haldin námskynning fyrir nemendur í 10. bekk á Suðurnesjum ásamt foreldrum í sal skólans.

10.11 Töflubreytingar og fleiri störf

Í upphafi og lok anna hafa námsráðgjafar aðstoðað við ýmis tilfallandi störf eins og töflubreytingar, að slá inn val og annað sem tilheyrir þessum annatímum. Þeir hafa einnig verið að leiðrétta námsferla, leiðrétta fyrir fall í lok annar og að innrita nýnema og eldri nemendur inn í skólann.



Útskriftarnemendur á vorönn í Dimissio-gallanum.

11 Skýrsla forvarnafulltrúa

Eftirfarandi flokkast undir starf forvarnafulltrúa:

- Aðstoðar félagslífsfulltrúa og stjórn NFS við skemmtanir
- Forvarnir gegn áfengis- og vímuefnanotkun
- Samtakahópurinn
- Viðtalstími
- Lýðheilsuráð FS

11.1 Störf tengd skemmtunum og viðburðum NFS

Nemendafélagið hefur verið virkt í vetur. Nemendafélagið hélt nokkur skemmtikvöld og í öllum tilfellum gengu þau vel án þess að forvarnafulltrúi hafi þurft að skipta sér af nemendum.

Þrjú skólaböll voru á skólaárinu, tvö á haustönn og eitt á vorönn og fóru þau öll vel fram. Forvarnar- og félagslífsfulltrúar vinna náið saman á böllum og hefur lögregla verið sýnileg á öllum böllum í vetur. Hlutverk forvarnafulltrúa á böllum hefur verið að grípa inn í ef nemendur verða uppvisir að ölvun. Forvarnafulltrúi hringir heim til nemenda ef þeir eru undir 18 ára og upplýsir foreldra/forráðamenn og lætur sækja þá nemendur. Nemendum yfir 18 ára er vísað út af böllum og þeim komið heim eftir öðrum leiðum.

Nemendafélagið hélt Hljóðnemann sem fór vel fram en sjö keppendur tóku þátt og nokkur fjöldi nemenda mætti á sal skólans til að hvetja. Forvarnafulltrúi var á staðnum og þurfti ekki að hafa afskipti af nemendum.

Málfundarfélagið Kormákur tók þátt í Morfís ræðukeppni í vetur og komst liðið í undanúrslit. Skólinn hélt tvær Morfís keppnir en forvarnafulltrúi var viðstaddur seinni heimakeppnina sem var haldin í dymbilvikunni. Keppnin fór vel fram og án íhlutunar forvarnafulltrúa. Mætti skoða að fullorðinn einstaklingur fylgi stuðningsliði í útikeppnir.

Nemendur tóku þátt í körfuboltamóti framhaldsskólanna. Forvarnafulltrúi var ekki á staðnum en frétti af því eftir keppnina að einhver ölvun hefði verið meðal stuðningsmanna skólans. Hægt að gera betur varðandi skipulagningu/rútuferðir og nauðsynlegt að fullorðinn einstaklingur sé sýnilegur á staðnum.

11.2 Forvarnir gegn áfengis- og vímuefnanotkun

Forvarnarstarf tengist mikið skemmtunum og viðburðum sem NFS heldur og hefur verið komið inn á í kaflanum hér að ofan. Í daglegu skólastarfi í FS kemur fyrir að nemendur gerast brotlegir vegna rafrettunotkunar og notkunar á nikótínþúðum. Forvarnarfulltrúi hefur þurft að hafa afskipti af nemendum og látið skrá í athugasemdir í Innu hjá nemendum sem hafa gerst brotlegir. Forvarnarfulltrúi hefur reynt að vera sýnilegur á göngum skólans og í Miðgarði þegar tækifæri gefst. Ítrekuð brot nemenda undir 18 ára eru tilkynnt foreldrum/forráðamönnum og rætt er við nemendur sem eru eldri en 18 ára. Lítið hefur verið um ítrekuð brot nemenda á notkun rafrettna.

11.3 Samtakahópurinn

Forvarnarfulltrúi FS á sæti í Samtakahópnum sem hittist reglulega yfir skólaárið. Fundir Samtakahópsins eru oft haldir á kennslutíma sem gerir erfitt fyrir forvarnarfulltrúa að sækja þá en forvarnarfulltrúi sótti þrjá fundi á skólaárinu og kynnti forvarnarstarf í FS á einum fundi.

11.4 Viðtalstími

Forvarnarfulltrúi FS er alltaf til taks þegar þörf er á.

11.5 Lýðheilsuráð FS

Forvarnarfulltrúi FS situr í lýðheilsuráði FS og hefur ráðið fundað í vetur og farið yfir þætti er varðar stefnu um Heilsueflandi framhaldsskóla.

Forvarnarfulltrúi og námsráðgjafi tóku þátt í að skipuleggja forvarnardag sem haldinn er fyrsta miðvikudag í október hvert ár fyrir nemendur á 1. ári í framhaldsskóla. Umsjónarkennarar fóru yfir glærur í umsjónartíma í nóvember og stýrðu umræðum um þætti er tengjast fyrirbyggjandi aðgerðum á sviði forvarna með umsjónarnemendum sínum.

Lilja Dögg Friðriksdóttir forvarnarfulltrúi tók saman.

12 Skýrsla félagslífsfulltrúa

12.1 Inngangur

Helsta hlutverk félagslífsfulltrúa er að vera stjórn nemendafélags skólans innan handar varðandi ýmsar ákvarðanatökur, aðstoða við gerð fjárhagsáætlana og viðburðadagatala, og hafa milligöngu um samskipti við skólastjórnendur. Félagslífsfulltrúi fundar reglulega með stjórn nemendafélagsins.

Félagslífsfulltrúi er viðstaddur allar upptökur á vegum nemendafélagsins. Hann á í miklu samstarfi við forvarnarfulltrúa, bæði varðandi böll og aðrar skemmtanir.

12.2 Skólaárið 2022-2023

Í upphafi skólaársins var haldið skemmtikvöld fyrir nýnema til að bjóða þá velkomna í skólann. Þar tóku þeir þátt í ratleik og skemmtu flestir sér mjög vel. Nýnemakosningar voru haldnar snemma á önninni þar sem nýnemum gafst kostur á að bjóða sig fram í nefndir félagsins. Einungis nýnemar höfðu atkvæðarétt í þessum kosningum.

Tvö böll voru haldin á haustönn. Nýnemaball var haldið í Stapanum um miðjan september og rave þemaball var haldið í nóvember. Böllin fóru vel fram og nemendur skemmtu sér vel. Þátttaka í „edrupotti“ var nokkuð góð.

Skemmtikvöld voru haldin nokkrum sinnum á önninni. Þar voru sýnd myndbönd frá Hnísunni, keppt í lazertag, og haldnar spurningakeppnir svo fátt eitt sé nefnt.

Haldin var íþróttavika með ýmsum íþróttatengdum viðburðum. Þema var í klæðnaði, haldnar körfuboltakeppnir og nemendur kepptu í skotbolta á móti kennurum. Jólavika var haldin í lok nóvember og byrjun desember. Þar voru sýndar jólamyndir, boðið upp á kakó og keppt í piparkökuhúsaskreytingum.

Stjórn nemendafélagsins fundaði með íslenskukennurum sem höfðu fengið styrk til verkefnis með nemendum með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Þar komu fram hugmyndir um að nemendafélagið héldi sérstaka kynningu fyrir þessa nemendur til að reyna að virkja þá betur í félagslífinu. Slík kynning fór fram í byrjun nóvember og þótti takast einstaklega vel.

Vorönn var enn fjörugri en þá var stjórn nemendafélagsins orðin sjálfstæðari í vinnubrögðum og hafði öðlast meira sjálfstraust. Byrjað var á útvarpsviku þar sem ýmsir útvarpsþættir fóru í loftið og tókst betur til en oft áður. Líkt og áður tóku nemendur þátt í Gettu betur og Morfís en í þetta sinn komst Morfís lið skólans alla leið í undanúrslit.

Í febrúar var söngkeppnin Hljóðneminn endurvakin en nokkur ár voru liðin frá því keppnin var haldin síðast. Þar kepptu sjö atriði en sigurvegarinn tók þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna fyrir hönd FS. Í Valentínusarviku bauðst nemendum að kaupa og senda hver öðrum rósir. Stórt bingó var haldið í vikunni þar sem vinningarnir komu frá versluninni Blush.

Haldin voru klúbbakvöld og spilakvöld. Í góðgerðarviku í mars var safnað til að styrkja Stuðla og söfnuðust 410 þúsund krónur.

Í apríl fór Framhaldsskólamótið í körfubolta fram en það var Bandalag íslenskra heilsueflandi framhaldsskóla (BÍSHEF) sem átti heiðurinn að því að endurvekja keppnina. NFS sendi að sjálfsögðu lið til keppinnar og gerði sér lítið fyrir og vann mótið. FS var því krýndur BÍSHEF meistara 2023. Þá sömu helgi fór fram Kvikmyndahátíð Framhaldsskólanna í Bíó Paradís. Kvikmyndagerðarklúbburinn Linsan sem hefur verið starfandi við FS í vetur sendi inn framlag. Myndin sú heitir „Það heyrast engin öskur í kafi“. Myndin hlaut tvenn af sex verðlaunum sem veitt voru á hátíðinni, verðlaun fyrir bestu tæknilegu útfærsluna og fyrir bestu kvikmyndatökuna.



Sigurvegarar í piparkökuhúsaskreytingakeppni nemendafélagsins.

Tvö Vizkustykki voru gefin út á árinu. Umtalað var hversu flott blöðin voru. Þykk og innihaldsrík og mun veglegri en síðustu ár.

Árshátíð NFS var haldin í Stapanum í lok apríl. Þar seldust um 400 miðar og fór ballið vel fram. Árshátíðarkvöldverður var að þessu sinni haldinn í matsal skólans. Skreytinganefnd skreytti matsalinn glæsilega og Bruno kokkur eldaði dýrindismáltíð.

Undir lok apríl voru haldnar vorkosningar til stjórnar NFS fyrir skólaárið 2023-2024. Kosningar þetta vorið voru mjög áhugaverðar. Í fyrsta sinn í nokkur ár voru alvöru kosningar þar sem fleiri en eitt framboð barst í hvert embætti í aðalstjórn. Nýja aðalstjórn skipa eftirfarandi nemendur:

- Formaður: Leó Máni Quyen Nguyén
- Varaformaður: Hermann Borgar Jakobsson
- Framkvæmdastjóri: Birna Jóhannsdóttir
- Gjaldkeri: Valdimar Steinn Jóhannsson
- Markaðstjóri: Valur Axel Axelsson

Kristjana Hrönn Árnadóttir félagslífsfulltrúi tók saman.



Nemendafélagið lét útbúa hettupeysur með merki félagsins.

13 Skýrsla félagsráðgjafa

13.1 Inngangur

Hér verður gerð grein fyrir lykiltölum viðtala hjá félagsráðgjafa Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir vorönn 2023. Samantektinni er ætluð að veita innsýn í þjónustuna frá því byrjað var að bjóða upp á hana í janúar 2023. Um er að ræða nýtt starf innan skólans og var félagsráðgjafi ráðinn tímabundið til að átta sig á umfangi þjónustunnar og þróa hana. Auglýst var eftir sálfræðingi en þar sem slíkur fékkst ekki var óskað eftir félagsráðgjafa til að mæta kröfum um aukna þjónustu við nemendur sem glíma við tilfinninga- og félagslegan vanda og þurfa aðstoð með sín mál.

Þar sem starf félagsráðgjafa innan skólans var nýtt var reynt að kynna þjónustuna vel fyrir nemendum, kennurum og foreldrum. Félagsráðgjafi fór inn í kennslustundir, sendi póst á alla nemendur skólans sem og starfsfólk. Frétt var sett á heimasíðu skólans og send á Víkurfréttir auk þess sem þjónustan var auglýst á upplýsingaskjám. Lagt var upp með að hafa starf félagsráðgjafa sýnilegt og aðgengi gott. Nemendur gátu sjálfir sent félagsráðgjafa tölvupóst og óskað eftir viðtali eða komið við á skrifstofu hans. Einnig gátu foreldrar haft samband og óskað eftir viðtali auk kennara, náms- og starfsráðgjafa og annars fagfólks. Viðtölin voru í langflestum tilvikum staðviðtöl en einnig var hægt að óska eftir símaviðtali.

Þjónustubörf nemenda var ólík og mætti ráðgjöfin þörfum meirihluta þeirra. Þörf var á sérhæfðari þjónustu s.s. sálfræðiþjónustu á vegum Heilbrigðisþjónustu Suðurnesja eða hjá einkareknum stofum, félagsþjónustu sveitarfélaganna og Landsspítalanum. Samstarf var gott við aðra þjónustuaðila, sérstaklega innan geðheilbrigðisgeirans og félagsþjónustunnar og aðgengi gott.


13.2 Skipulag þjónustu

Félagsráðgjafi skólans býður nemendum sem eiga í félagslegum-, námslegum og/eða tilfinningalegum vanda upp á einstaklingsviðtöl og er áhersla lögð á að valdefla nemendur og vinna að lausnamiðaðri nálgun. Hverjum nemanda er mætt þar sem hann er staddur, með hagsmuni hans og heildarsýn að leiðarljósi þannig að unnið sé í samhengi við umhverfi hans og tengsl. Foreldrar og forráðamenn nemenda geta einnig óskað eftir ráðgjöf í tengslum við hagsmuni og líðan nemenda.

Þjónusta félagsráðgjafa er nemendum að kostnaðarlausu. Tilgangur hennar er fyrst og fremst að stuðla að almennri velferð og góðri líðan, greina vanda, veita stuðning og ráðgjöf og vísa nemendum í viðeigandi þjónustu eða leiðbeina áfram þar sem við á. Þverfagleg samvinna er innan skólans og utan. Ástæður fyrir þjónustu eru margvíslegar svo sem að byggja sig upp andlega, efla sjálfstraust og sjálfsöryggi, greina styrkleika, auka seiglu ásamt því að draga úr áhrifum ýmissa hindrana sem standa í vegi fyrir því að nemendur nái markmiðum sínum. Viðtalstímar eru yfirleitt 50 mínútur en geta verið styttri eða lengri þar sem við á.


13.3 Lykiltölur

Á vorönn 2023 bárust beiðnir um viðtöl hjá félagsráðgjafa fyrir 52 nemendur og skiptist þannig; 22 frá nemendum sjálfum, sjö frá foreldrum, sjö frá kennurum, þrjár frá náms- og starfsráðgjöfum skólans, ein frá Geðteymi HSS og 12 frá áfangastjóra í kjölfar funda skólaráðs. Kynjahlutfall nemenda skiptist þannig að drengir voru 46% og stúlkur 54%. Flestar beiðnir bárust fyrir nemendur fædda 2006 en annars var aldursdreifing tiltölulega jöfn eins og sjá má á mynd 1.



Aldursdreifing nemenda sem beiðnir bárust fyrir.

Flestar viðtalsbeiðnir bárust fyrstu þrjú mánuði ársins, sjá mynd 2. Í kjölfar beiðna var nemendum boðið viðtal og af þessum 52 beiðnum sem bárust mættu fimm nemendur ekki í boðið viðtal og ekki náðist í tvo nemendur þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Öllum nemendum sem mættu í viðtal voru boðnir fastir viðtalstímar og mættu alls 45 nemendur í viðtal á vorönn 2023. Reynt var að hafa biðtíma eftir viðtölum stuttan og var hann í flestum tilvikum fáeinir dagar. Fjöldi viðtala var misjafn allt frá einu upp í þrettán, allt eftir eðli og vinnslu máls en meðalfjöldi viðtala voru fjögur. Alls óskuðu fimm foreldrar eftir foreldraráðgjöf og kom hvert þeirra í eitt viðtal.




Fjöldi viðtalsbeiðna eftir mánuði.

Ástæður viðtalsbeiðna voru margvíslegar og þjónustubörf mismikil. Til að kortleggja nánar líðan og stöðu nemenda voru sjálfsmatslistarnir Depression and Anxiety Stress Scale (DASS), PHQ-9, GAD-7 og Sjálfsmatskvarði Robsons (SCQ) lagðir fyrir nemendur auk þess sem stuðst var við viðtalsskimun ACEs. Við skráningu og flokkun meginástæðna var þeim skipt niður í fjóra þætti, út frá mati nemenda og félagsráðgjafa. Þrátt fyrir eftirfarandi skiptingu er töluverður samsláttur margra þátta í stórum hluta tilfella enda vandi nemenda oft fjölpættur og ekki einskorðaðar við einn ákveðinn þátt.

1. Depurð/vanlíðan
2. Kvíði
3. Félagslegir þættir m.a.
 - a. Veikt stuðningsnet
 - b. Erfiðar fjölskylduaðstæður
 - c. Einmanaleiki
 - d. Fjárhagslegir erfiðleikar
4. Annað
 - a. Brotin sjálfmynd
 - b. Samskiptavandi
 - c. Skortur á seiglu

Í 18% tilvika mátti rekja helstu ástæðu fyrir komu til depurðar/vanlíðan, 24% til kvíða, 27% til félagslegra þátta og í 31% tilvika var ástæðan önnur. Þjónustubörf flestra nemenda var mætt með viðtölum hjá félagsráðgjafa. Í 33% tilvika var þörf á sérhæfðari þjónustu samhliða viðtölum eða í framhaldi af þeim. Samtals var 22% nemenda vísað í sálfræðiþjónustu og í 11% tilvika var þörf fyrir aðkomu annarra sérfræðinga s.s. innan félagsþjónustunnar, heilsugæslunnar, Landspítalans og Vinnumálastofnunar, þ.e. atvinnu með stuðningi.



Yfirlit yfir helstu ástæður fyrir komu til félagsráðgjafa.

Ákveðið var að bjóða öllum nemendum 10. bekkjar á Suðurnesjum sem hyggjast stunda nám í skólanum næstkomandi skólaár og glíma við tilfinningavanda s.s. kvíða að koma í viðtal hjá félagsráðgjafa skólans, bæði til að ræða um líðan sína og einnig til að mynda tengsl. Það getur reynst sumum erfitt skref að hefja nám í nýju umhverfi innan um nýtt starfsfólk og nýja nemendur. Þann 3. maí var tölvupóstur sendur á alla grunnskóla Suðurnesja þar sem þjónustan var kynnt. Pósturinn var sendur út að nýju 12. maí og þá beint á stjórnendur þeirra skóla sem höfðu ekki svarað fyrri pósti til að ganga úr skugga um að upplýsingarnar hefðu örugglega komist til skila. Af þeim 11 skólum sem pósturinn barst til nýttu nemendur fimm þeirra sér þjónustuna, þrjár skólar ætluðu að meta þörfina hjá sér, einn taldi ekki þörf á þjónustunni og ekkert heyrðist frá tveimur. Alls óskuðu 12 foreldrar eftir viðtali fyrir barn sitt, þar af þrjár fyrir milligöngu félagsráðgjafa í skóla barnsins og ein beiðni kom frá fjölskyldufræðingi. Tíu nemendur mættu í viðtal, einn dró beiðni sína til baka að sinni og tveir fylgdu ekki beiðni sinni eftir og mættu ekki í viðtal.

13.4 Samantekt

Staða félagsráðgjafa innan skólans var ný og þjónusta hans því nemendum og starfsfólki ókunn. Þrátt fyrir það bárust 52 beiðnir um þjónustu sem er töluverður fjöldi og gefur vísbendingu um þörfina. Gera má ráð fyrir fjölgun beiðna eftir því sem þjónustan verður nemendum, foreldrum og starfsfólki kunnuglegri. Líkt og komið hefur fram hér á undan voru ýmsar ástæður fyrir því að nemendur leituðu eftir aðstoð og því mikilvægt að þjónustan sé þeim aðgengileg og hluti af skólaumhverfinu svo þeir veigri sér ekki við að leita aðstoðar. Á þessum árum ganga nemendur í gegnum ýmsar breytingar sem reynast sumum erfiðar. Nemendur eru að máta sig í nýjum aðstæðum, kynnast nýju fólki og upplifa nýja hluti. Þau eru leitandi yfir því hvert þau stefna, eru að átta sig á eigin styrkleikum og veikleikum, ástarsambönd myndast og þeim lýkur o.s.frv. Félags- og tilfinningalegir þættir geta farið að hafa áhrif á daglegt líf og líðan. Mikilvægt er að nemendur leiti aðstoðar þegar slíkt fer að hafa áhrif og fá aðstoð við að greina eðlilegar tilfinningar frá alvarlegum svo hægt sé að bregðast við. Ef ekkert er að gert getur slík vanlíðan dregið úr getu nemandans til að sinna námi og ná árangri, aukið líkur á skólaforðun eða leitt til brotthvarfs úr skóla og jafnvel leitt til langvarandi heilsubreysts sem getur teygst sig inn á fullorðinsár.

Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir félagsráðgjafi tók saman.



Frá útskrift vorannar 2023.